



Svavar Kjarrval Lúthersson



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 10. júlí 2013
Tilv.: IRR13020358/12.5

Vísað er til tölvubréfs yðar til ráðuneytisins, dags. 25. febrúar 2013, þar sem þér óskið aðgangs að þar nánar tilgreindum gögnum. Meðfylgjandi eru þau gögn sem til eru í skjalasafni ráðuneytisins og varða beiðni yðar.

Vakin er athygli á því að í skjalasafni ráðuneytisins er ekki að finna lista yfir þær jarðir sem samningur íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997 tók til né heldur hefur ráðuneytið undir höndum upplýsingar um verðmæti umræddra jarða. Þá er umbeðið skjal sem þér greinið frá að Þorvarður Karl Helgason hafi lagt fram ekki heldur að finna í skjalasafni ráðuneytisins.

Dregist hefur að svara erindi yðar og er beðist velvirðingar á því.

Fyrir hönd ráðherra


Hermann Sæmundsson


Skúli Guðmundsson

**Frásögn af fundi nefnda ríkis og kirkju um kirkjujarðir
í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 10. janúar 1997**

Mættir eru af hálfu ríkisins Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson og Stefán Eiríksson. Af hálfu kirkjunnar eru mættir Þorbjörn Hlynur Árnason, Þórir Stephensen og Halldór Gunnarsson.

Þorsteinn Geirsson setti fundinn. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi drög að samkomulagi:

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag

um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

2. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þá skuldbindur ríkið sig til að setja reglur um umgengni á kirkjustöðum.

3. gr.

1. Ríkissjóður greiði laun:

- a) Biskups Íslands og vígslubiskupa.
- b) 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar.
- c) 18 starfsmanna biskupsembættisins.

2. Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir í b-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 lækkar talan í b-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.

3. Fjölgi prestum um 10 sbr. það sem greinir í 1. mgr. skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 starfsmanns biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í c-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um 10 sbr. það sem greinir í 2. mgr. lækkar talan í c-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.

4. Um ráðningar þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

Þórir

Þórir

5. Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.

6. Greiðslur til Kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu 8 ár, upphæð er svarar til fastra árslauna 1 sóknarprests.

4. gr.

Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðar uppgjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.

5. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjubings, svo og samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Til skýringar vilja fundarmenn taka fram að með kirkjujörðum er í samkomulagi þessu átt við jarðeignir sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögumatri heimild eða gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, og hafa verið í umsjón ríkisins frá árinu 1907, sbr. lög nr. 46/1907 um laun sóknarpresta og lög nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða og Álitsgerð kirkjueignanefndar 1984. Með orðalaginu “og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja” er m.a. átt við kirknaftök, réttindi á afréttum o.fl. sem fylgir og fylgja ber umræddum jörðum í hverju tilviki.

Undir þetta samkomulag falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

a) Klausturjarðir: Fram kemur í álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 að ekki verði séð að íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klausturjarðanna. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið klausturjarðir.

b) Stólsjarðir: Umræddar jarðir voru seldar kringum aldamótin 1800. Engar jarðir í umsjá ríkisins falla nú undir hugtakið stólsjarðir.

c) Prestsetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993 um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestsetrana.

d) Kristfjárjarðir og fátækrajarðir: Eignarréttarstöðu jarða sem falla undir þessa skilgreiningu er ekki á einn veg háttað. Þær eignir sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga falla ekki undir þetta samkomulag. Aðrar kirkjujarðir sem eru með kristfjárvöðum eða fátækrakvöðum falla undir samkomulagið, en með þeim

fh'A

formerkjum þó að sannanlegar kristfjár- eða fátækraakvaðir sem á þeim hvíla halda gildi sínu. Hreinar kristfjár- eða fátækraakvaðir falla ekki undir þetta samkomulag.

Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar starfi áfram og fjalli sameiginlega um eignar- og réttarstöðu þjóðkirkjunnar í heild sinni.

Í samkomulaginu er fyrirvari um samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings, svo og Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarpið og samkomulag þetta verður lagt fyrir ríkisstjórn 14. janúar nk. og fyrir kirkjuþing sem hefst 21. janúar nk. Í frumvarpinu eru ákvæði sem tryggja efnisatriði þessa samkomulags. Kirkjumálaráðherra gerir ráð fyrir að leggja frumvarpið fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, að fengnu samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings á þessu samkomulagi.

Fundarmenn eru sammála um framangreind drög, og rita nöfn sín því til staðfestingar undir fundargerð þessa.

Reykjavík, 10. janúar 1997.

Þorgerður Heiða Árný
Hauður Gunnar
Dóttir Árný

Þórunn Eiríksdóttir
Hauður Þorvaldsson
Sveinljóf Sveinsson
Ólafur Jóhannsson
Elfiur Eiríksdóttir

Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
s a m n i n g
um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófaste, rekstrarkostnað
biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til þjóðkirkjunnar:

1. gr.

Samningur þessi er nánari útfærsla á samkomulagi Íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, hér eftir nefnt kirkjujarðasamkomulagið, og nær jafnframt til rekstrarkostnaðar þjóðkirkjunnar sem fellur utan þess samkomulags, sbr. 3. gr. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Með samningi þessum eru þrjú fylgiskjöl nr. 1, 2 og 3. Um er að ræða skýringar við samning þennan (fskj. nr. 1), yfirlit yfir fjárhæðir samningsins (fskj. 2) og framangreint samkomulag frá 10. janúar 1997 (fskj. nr. 3).

2. gr.

Úr ríkissjóði skal greitt fjárframlag vegna launa og launatengdra gjalda biskups Íslands, vígslubiskupa og 138 presta og prófaste samkvæmt úrskurðum kjaranefndar, kjaradóms og gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

Að auki skal árlega gera ráð fyrir fjárframlagi er svarar til launa og launatengdra gjalda í 70 mánuði vegna námsleyfa, veikinda og annarra launaútgjalda umfram greiðslur samkvæmt 1. mgr., þar með talið fæðingarorlof. Þau mánaðarlaun skal miða við meðalheildarlaun sóknarprests samkvæmt líkani sem tilgreint er í 4. mgr. þessarar greinar.

Fjölgi eða fækki prestum samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag, sbr. 1. mgr., breytast sem því nemur. Fyrir hvert prestsembætti, sem þannig fjölgar eða fækkar um, skal fjölga eða fækka mánuðum vegna námsleyfa o.fl., sbr. 2. mgr., um hálfan mánuð.

Fjárframlag samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. skal áætlað í reiknilíkani sem biskupsstofa hefur umsjón með í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Líkanið skal sundurliða launin niður á embætti og launategundir. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga hvers árs skal biskupsstofa endurskoða líkanið til samræmis við síðustu úrskurði kjaranefndar og kjaradóms. Niðurstaða líkansins skal lögð til grundvallar fjárframlagi í frumvarp til fjárlaga hvers árs enda staðfesti dóms- og kirkjumálaráðuneyti og fjármálaráðuneyti líkanið.

Ef nýir úrskurðir kjaranefndar og kjaradóms leiða til breytinga á kostnaði samkvæmt 1. mgr. og 2. mgr. sem ekki eru í samræmi við forsendur fjárlaga skal leiðrétta framlögin til samræmis.

3. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt fjárframlag að fjárhæð 89,5 m.kr. til rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófaste og annars kostnaðar en launa sem tilgreindur er í úrskurðum kjaranefndar. Kirkjuþing setur reglur um greiðslu rekstrarkostnaðar prestsembætta og prófaste og skulu þær taka gildi 1. janúar 1999.

Fjölgi eða fækki prestum, samkvæmt 2. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins, breytist fjárframlag um 0,6 m.kr.

Samningsfjárhæðir, samkvæmt grein þessari, skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

4. gr.

Úr ríkissjóði skal árlega greitt framlag að fjárhæð 52,7 m.kr. til greiðslu launa starfsmanna biskupsstofu. Biskupsembættið ákveður fjölda starfsmanna hverju sinni og ráðningarkjör þeirra.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag samkvæmt 1. mgr. breytast um 2,9 m. kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu hækka í samræmi við meðalhækkun launa ríkisstarfsmanna samkvæmt mati Hagstofu Íslands. Verði breyting, á þeim sem ekki er í samræmi við forsendur fjárlaga skal framlagið leiðrétt.

5. gr.

Árlega skal greitt úr ríkissjóði framlag að fjárhæð 30 m.kr. til annars kostnaðar biskupsstofu, vígslubiskupa og biskups Íslands, en að framan greinir. Fjárhæðin tekur til alls rekstrar-kostnaðar annars en launa og launatengdra gjalda samkvæmt 2. og 4. gr., m.a. endurnýjunar á tækjum og búnaði, húsnæðiskostnaðar, ferðakostnaðar, risnu og kostnaðar vegna biskupskosninga.

Fjölgi eða fækki störfum á biskupsstofu samkvæmt 3. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins skal framlag vegna reksturs breytast um 1,4 m.kr. fyrir hvert starf.

Samningsfjárhæðir samkvæmt grein þessari skulu verðbættar í fjárlögum ár hvert í samræmi við forsendur fjárlaga um hækkun annarra rekstrargjalda en launa.

6. gr.

Árlegt framlag í fjárlögum til kristnisjóðs skal svara til 15 fastra árslauna presta í fámennustu prestaköllum samkvæmt úrskurði kjaranefndar. Auk þess skal árlega greiða úr ríkissjóði til ársloka 2005 sem nemur einum árslaunum samkvæmt 1. mgr.

7. gr.

Ríkissjóður greiðir samkvæmt fjárlögum ár hvert sérframlög til þjóðkirkjunnar, sem samið er um sérstaklega, lög kveða á um eða Alþingi ákveður. Með sérframlögum er átt við styrki sem ekki falla innan 2.-6. gr. samnings þessa.

8. gr.

Þjóðkirkjan ber fulla ábyrgð á fjármálum sínum og hagar rekstri eins og þykir best hverju sinni. Í því felst m.a. að þjóðkirkjan fjármagnar án aðstoðar úr ríkissjóði útgjöld sem reynast umfram greiðsluskyldu ríkissjóðs. Framlag úr ríkissjóði er óháð öðrum tekjum sem þjóðkirkjan kann að afla, hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins vegna presta er þjóna erlendis, þjónustugjöldum sjóða til biskupsstofu o.fl.

Ef kirkjan fjölgar eða fækkar prestum umfram það sem tilgreint er í 1. tl. 3. gr. kirkjujarðasamkomulagsins hefur það ekki áhrif á greiðsluskyldu ríkissjóðs samkvæmt samningi þessum. Eins getur kirkjan fjölgað eða fækkað öðru starfslíði, breytt launakostnaði og öðrum rekstrar-kostnaði án þess að það hafi áhrif á framlag úr ríkissjóði.

9. gr.

Hækka skal framlag í fjárlögum 1998 til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands alls um 70,3 m. kr. Af þeirri fjárhæð eru 27,3 m. kr. vegna uppsafnaðs halla fyrri ára. Hækka skal framlag til kristnisjóðs í fjárlögum 1998 um 5,2 m.kr.

Heildarframlag til fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands árið 1999 skal vera 655,2 m. kr. Á árinu 2000 lækkar framlag um 8,1 m.kr. Framlag til fjárlagaliðar kristnisjóðs árið 1999 skal vera 36,4 m.kr. Í fjárlögum ársins 2006 lækkar framlag um sem nemur einum árslaunum prests, sbr. 6. gr.

Framlag samkvæmt 1. mgr. er á verðlagi fjárlaga 1998. Aðrar fjárhæðir samnings þessa eru á verðlagi frumvarps til fjárlaga fyrir árið 1999.

10. gr.

Samningsaðilar skulu í upphafi hvers árs sammælast um greiðsluáætlun fyrir einstaka mánuði innan þess fjárhagsramma sem fjárlög ársins setja á fjárlagalið þjóðkirkju Íslands. Laun til biskups Íslands, vígslubiskupa, presta, prófaste og starfsmanna biskupsstofu skulu greidd úr ríkissjóði til viðkomandi einstaklinga án atbeina biskupsstofu. Mánaðarlegt framlag til annars kostnaðar samkvæmt 3. og 5. gr. skal vera mismunur á heildarframlagi viðkomandi mánaðar og þeirra launa sem greidd hafa verið í þeim mánuði. Framlagið skal greiðast til biskupsstofu.

11. gr.

Samningsaðilar geta óskað eftir endurskoðun á samningi þessum ef grundvallarbreyting verður á úrskurðum kjaradóms og/eða kjaranefndar og vegna verulegra breytinga á öðrum forsendum samningsins.

Verði verulegar vanefndir á skyldum af hálfu annars hvors samningsaðila getur hinn sagt samningi þessum upp. Tekur uppsógnin gildi frá og með næstu áramótum eftir að hún er tilkynnt.

Rísi ágreiningur um framkvæmd samnings þessa skal honum vísað til þriggja manna nefndar sem gera skal út um ágreininginn. Skal einn nefndarmaður tilnefndur af biskupi Íslands, einn sameiginlega af dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra og oddamaður skal tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Kostnaður sem hlýst af starfi nefndarinnar skal að hálfu greiddur úr ríkissjóði og að hálfu af þjóðkirkjunni.

12. gr.


Dóms- og kirkjumálaráðherra mun á haustþingi 1998 leggja fram frumvarp til laga á Alþingi er felur í sér brottfall 2. mgr. 1. gr. laga nr. 36/1931, um embættiskostnað sóknarpresta og aukaverk.

Dóms- og kirkjumálaráðherra mun 31. desember 1998 fella úr gildi reglur um greiðslu embættiskostnaðar presta og prófaste settar 15. júní 1989, með síðari breytingum.


13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. janúar 1999. Hann er gerður með fyrirvara um samþykki kirkjubings og samþykki Alþingis á fjárframlögum.

Reykjavík, 4. september 1998


Biskup Íslands


Dóms- og kirkjumálaráðherra


Fjármálaráðherra

Skýringar við einstakar greinar samningsins:

Um 1. gr.

Samningur þessi tengist samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar, fsk. 3 um eignafhendingu á móti skuldbindingu með fyrirvara um fækkun eða fjölgun á skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar miðað við þjóðskrá 1. desember 1996, sem var 244.060.

Um 2. gr.

Til viðbótar við framlag til launa og annars kostnaðar til samræmis við kirkjujarðasamkomulagið skal greitt framlag sem nemur 70 mánaðarlaunum til námsleyfa, veikinda o.fl. en það samsvarar um hálfum mánuði fyrir hvert prestsembætti.

Með staðfestingu ráðuneyta á launalíkani er átt við að samþykktar verði breytingar á talnaforsendum og gerð embætta. Núverandi skipting á 138 embættum er 16 prófastar, 112 sóknarprestar, 4 héraðsprestar og 6 sérþjónustuprestar.

Um 3. gr.

Til rekstrarkostnaðar embætta telst allur embættiskostnaður þar með talinn aksturskostnaður, svo og allur kostnaður vegna sérþjónustupresta að frátöldum almennum prestslaunum, sbr. 2. gr.

Kveðið er á um annan kostnað en laun og launatengd gjöld presta í úrskurði kjaranefndar. Samkvæmt úrskurði hennar frá 13. febrúar 1998 gilda reglur kjaranefndar dagsettar 16. desember 1997, en í 4. lið III. kafla þess úrskurðar segir: Um greiðslur til búferlaflutninga og vegna starfa í þremur fastanefndum kirkjunnar skulu gilda óbreytt ákvæði síðasta kjarasamnings. Kostnaður þessi telst hluti af framlagi samkvæmt 3. gr. samnings þessa en er ekki áætlaður í reiknilíkani samkvæmt 2. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. samningsins er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 138.

Um 4. gr.

Fjárhæðin nemur launum og launatengdum gjöldum 18 starfsmanna biskupsstofu samkvæmt 2. gr. kirkjujarðasamkomulagsins.

Að því er varðar 2. mgr. 4. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 18.

Um 5. gr.

Að því er varðar 2. mgr. 5. gr. er miðað við meðaltalstölur þannig að deilt er í heildarfjárhæð með 21 (18 starfsmenn biskupsstofu, biskup Íslands og tveir vígslubiskupar).

Um 6. gr.

Viðmiðun um 15 fóst árslaun presta tekur mið af b. lið 20. gr. laga nr. 35/1970, um kristnisjóð o.fl. sem felldur var niður með lögum nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar en kirkjujarðasamkomulagið gerði ekki ráð fyrir að framangreindur b. liður félli niður. Ákvæðið var svohljóðandi: „[Tekjur kristnisjóðs skulu vera] Árlegt framlag úr ríkissjóði, er samsvari hámarkslaunum presta í þeim prestaköllum, sem lögð eru niður samkvæmt lögum þessum“. Tekið er mið af árslaunum prests í fámennustu prestaköllum, þ.e. mánaðarlaun með 5% álagi ásamt einingum, sbr. úrskurð kjaranefndar frá 13. febrúar 1998. Nema þau árslaun nú um 2,2 m.kr.

Samkvæmt 2. mgr. 62. laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, skal næstu 8 ár frá samþykkt laganna greiða sem nemur einum árslaunum sóknarprests. Því er heildarviðmiðun 16 árslaun. Framlag þetta fellur niður í árslok 2005.

Um 7. gr.

Átt er við styrki samkvæmt ákvörðun Alþingis, sammingsbundnar og lögboðnar greiðslur, ss. greiðslur til Skálholtsstaðar, Hallgrímskirkju, Hóladómkirkju, Kirkjumíðstöðvar Austurlands, Löngumýrar í Skagafirði og Skálholtsskóla. Auk þess innheimtir rikissjóður eins og verið hefur sóknar- og kirkjugarðsgjöld fyrir þjóðkirkju Íslands og innir af hendi lögbundnar greiðslur í kirkjumálasjóð, jöfnunarsjóð sókna og kirkjugarðasjóð.

Ekki er gert ráð fyrir verðlagshækkun fjárframlaga samkvæmt þessari grein. Tekið er mið af almennum venjum við gerð og meðferð fjárlaga en við undirbúning frumvarps til fjárlaga hefur það ekki tíðkast að verðlagsbæta styrkjaliði heldur er tekin ákvörðun hverju sinni um styrkfjárhæð. Taki liður hækkun samkvæmt lögum eða samningi þar um, sbr. 7. gr., hækkar fjárframlag til samræmis við það.

Um 8. gr.

Niðurstaða þessa sammings er ákveðin fjárhæð fyrir hvert ár. Ef tekjur eða gjöld breytast á fjárlagalið þjóðkirkjunnar þarf að breyta samsvarandi þannig að greiðsla úr rikissjóði standi óbreytt.

Um 9. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið 1.01 *Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið 06-701 *Biskup Íslands*, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Í fjárlögum 1998 var veitt tímabundið framlag til prestsembættis í Grafarvogsprestakalli. Dóms- og kirkjumálaráðherra skipaði prestinn til tveggja ára frá 1. september 1997 og er því gert ráð fyrir framlagi á árinu 1999 sem svarar til 8 mánaða launa. Framlagið fellur niður í fjárlögum ársins 2000.

Í fjárlögum árið 2000 fellur niður tímabundið framlag til embættis sérþjónustuprests er þjónar meðal Íslendinga búsettra á meginlandi Evrópu.

Um 10. gr.

Með orðunum „fjárlagaliðar þjóðkirkju Íslands“ er átt við viðfangsefnið 1.01 *Þjóðkirkja Íslands* á fjárlagalið 06-701 *Biskup Íslands*, eða sambærilegan lið, verði breyting á framsetningu fjárlaga frá frumvarpi til fjárlaga 1999.

Um 11. gr.

Hér er einungis átt við meiri háttar breytingar, s.s. meiri háttar breytingar á efnisatriðum úrskurða kjaranefndar, dagsett 3. febrúar 1998, og úrskurða kjaradóms, dagsett 17. desember 1997.

Um 12. gr.

Lagaákvæði er svohljóðandi: Ráðherra ákveður, að fengnum tillögum biskups, fyrirfram til 5 ára í senn, embættiskostnað hvers prestakalls. Upphæðin greiðist síðan prestinum mánaðarlega á sama hátt og embættislaun.

13. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Fylgiskjal nr. 2.

<i>Grein</i>	<i>Kostnaðarliður</i>	<i>Frumvarp til fjárlaga 1999</i> <i>Verðlag 1998</i>	<i>Frumvarp til fjárlaga 1999¹⁾</i> <i>Verðlag 1999</i>	<i>Frumvarp til fjárlaga 2000</i> <i>Verðlag 1999</i>
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi	461,5	477,7	477,7
	Grafarvogsprestur	2,4	2,5	0,0
	Evrópuprestur	5,4	5,6	0,0
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófaste	87,7	89,5	89,5
4. gr.	Launakostnaður biskupsstofu	50,9	52,7	52,7
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	29,4	30,0	30,0
7. gr.	Styrkjaliðir	23,7	23,7	23,7
8. gr.	Sértekjur	-26,3	-26,3	-26,3
	<i>Alls</i>	<i>634,7</i>	<i>655,2</i>	<i>647,2</i>
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	35,2	36,4	36,4
	Samtals, framlag úr ríkissjóði	669,9	691,7	683,6
Frumvarp til fjárukalaga 1998				
2. gr.	Laun samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi ²⁾	33,0		
3. gr.	Rekstrarkostnaður prestsembætta og prófaste	6,0		
5. gr.	Annar rekstrarkostnaður biskupsstofu	4,0		
6. gr.	Framlag til Kristnisjóðs	5,2		
	<i>Hækkun frá fjárlögum 1998</i>	<i>48,2</i>		
	Halli frá fyrri árum	27,3		
	SAMTALS	75,5		

¹⁾ Hækkun frá verðlagi 1998 til verðlags 1999 er í samræmi við verðlagsforsendur fjárlaga og er þá miðað við að kjaranefnd og kjaradómur muni úrskurða sömu hækkun launa í upphafi árs 1999 og almennt er kveðið á um í kjarasamningum.

²⁾ Alls hækkar framlag skv. 2. gr. um 33 m.kr. frá fjárlögum 1998. Af þeirri fjárhæð verður aflað 10,8 m.kr. viðbótarheimildar í frumvarpi til fjárukalaga 1998 en 22,2 m.kr. verða fluttar af launa- og verðlagsmálalið fjármálaráðuneytis á árinu 1998.

**Frásögn af fundi nefnda ríkis og kirkju um kirkjujarðir
í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 10. janúar 1997.**

Mættir eru af hálfu ríkisins Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson og Stefán Eiríksson. Af hálfu kirkjunnar eru mættir Þorbjörn Hlynur Árnason, Þórir Stephensen og Halldór Gunnarsson.

Þorsteinn Geirsson setti fundinn. Fyrir fundinum liggja eftirfarandi drög að samkomulagi:

.....

*Íslenska ríkið og þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar:*

1. gr.

Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.

2. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig til þess, á þeim grundvelli sem að framan greinir, að greiða laun presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Þá skuldbindur ríkið sig til að setja reglur um umgengni á kirkjustöðum.

3. gr.

1. Ríkissjóður greiði laun:
 - a. Biskups Íslands og vígslubiskupa.
 - b. 138 starfandi presta og prófasta þjóðkirkjunnar.
 - c. 18 starfsmanna biskupsembættisins.
2. Fjölgi skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 prests til viðbótar því sem greinir í b-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki skráðum meðlimum þjóðkirkjunnar um 5.000 miðað við íbúaskrá þjóðskrár 1. desember 1996 lækkar talan í b-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
3. Fjölgi prestum um 10, sbr. það sem greinir í 1. mgr., skuldbindur ríkið sig til að greiða laun 1 starfsmanns biskupsstofu til viðbótar því sem greinir í c-lið 1. mgr. Sama á við um frekari fjölgun. Fækki prestum um 10, sbr. það sem greinir í 2. mgr., lækkar talan í c-lið 1. mgr. um 1. Sama á við um frekari fækkun.
4. Um ráðningar þeirra sem nefndir eru í 1. mgr. fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.
5. Um greiðslu launa til framangreindra starfsmanna þjóðkirkjunnar fer eftir lögum um Kjara-dóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, með áorðnum breytingum, eða lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, með áorðnum breytingum, eftir því sem við getur átt.
6. Greiðslur til kristnisjóðs vegna seldra kirkjujarða falla niður. Þó skal ríkissjóður greiða árlega, næstu 8 ár, upphæð er svarar til fastra árslauna 1 sóknarprests.

4. gr.

Aðilar líta á samkomulag þetta um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðarupp-
gjör þeirra vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907. Aðilar geta óskað eftir
endurskoðun á 3. gr. samkomulagsins að liðnum 15 árum frá undirritun þess.

5. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki ríkisstjórnar og Kirkjuþings, svo og
samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

.....

Til skýringar vilja fundarmenn taka fram að með kirkjujörðum er í samkomulagi þessu átt
við jarðeignir sem kirkjur hafa átt og eigi hafa verið seldar frá þeim með lögmætri heimild eða
gengið undan þeim með öðrum sambærilegum hætti, og hafa verið í umsjón ríkisins frá árinu
1907, sbr. lög nr. 46/1907, um laun sóknarpresta, og lög nr. 50/1907, um sölu kirkjujarða, og
Álitsgerð kirkjueignanefndar 1984. Með orðalaginu „og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja“ er
m.a. átt við kirknaftök, réttindi á afréttum o.fl. sem fylgir og fylgja ber umræddum jörðum í
hverju tilviki.

Undir þetta samkomulag falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

- a. Klausturjarðir: Fram kemur í álitsgerð kirkjueignanefndar frá 1984 að ekki verði séð að
íslenska kirkjan eigi nú neina lagalega kröfu til klausturjarðanna. Engar jarðir í umsjá ríkisins
falla nú undir hugtakið klausturjarðir.
- b. Stólsjarðir: Umræddar jarðir voru seldar kringum aldamótin 1800. Engar jarðir í umsjá rik-
isins falla nú undir hugtakið stólsjarðir.
- c. Prestssetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim
fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu
umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993, um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir
því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestssetrana.
- d. Kristfjárjarðir og fátækrajarðir: Eignarréttarstöðu jarða sem falla undir þessa skilgreiningu er
ekki á einn veg háttað. Þær eignir sem eru í eigu eða umsjá sveitarfélaga falla ekki undir þetta
samkomulag. Aðrar kirkjujarðir sem eru með kristfjárvöðum eða fátækrakvöðum falla undir
samkomulagið, en með þeim formerkjum þó að sanmanlegar kristfjár- eða fátækrakvöðir sem
á þeim hvíla halda gildi sínu. Hreinar kristfjár- eða fátækrajarðir falla ekki undir þetta sam-
komulag.

Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar starfi áfram og fjalli
sameiginlega um eignar- og réttarstöðu þjóðkirkjunnar í heild sinni.

Í samkomulaginu er fyrirvari um samþykki ríkisstjórnar og kirkjuþings, svo og Alþingis, á
frumvarpi til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Frumvarpið og samkomulag
þetta verður lagt fyrir ríkisstjórn 14. janúar n.k. og fyrir kirkjuþing sem hefst 21. janúar n.k. Í
frumvarpinu eru ákvæði sem tryggja efnisatriði þessa samkomulags. Kirkjumálaráðherra gerir ráð
fyrir að leggja frumvarpið fram á Alþingi á yfirstandandi þingi, að fengnu samþykki ríkisstjórnar
og kirkjuþings á þessu samkomulagi.

Fundarmenn eru sammála um framangreind drög, og rita nöfn sín því til staðfestingar undir
fundargerð þessa.

Reykjavík, 10. jan. 1997.

Þorsteinn Geirsson, Halldór Árnason, Sveinbjörn Dagfinnsson, Hjalti Zóphóníasson, Stefán
Eiríksson, Þorbjörn Hlynur Árnason, Halldór Gunnarsson og Þórir Stephensen.

**Dómsmála- og
mannréttindaráðuneytið**

Minnisblað

Viðtakandi: **Ríkisstjórnin**
Sendandi: **Dóms- og kirkjumálaráðherra**
Dagsetning: **14.09.2009**
Málsnúmer: **DKM09090145**
Bréfalykill: **12.13.2**

Efni: Tillaga biskups Íslands um tímabundnar aðgerðir til þess að bregðast við hagræðingarkröfu ríkisins

Í hjálögðu minnisblaði biskups Íslands til dóms- og kirkjumálaráðherra gerir biskup Íslands þá tillögu að gerðar verði tímabundnar breytingar á samningsbundnum og lögbundnum fjármálalegum samskiptum ríkis og kirkju í því skyni að bregðast við þeirri kröfu sem ríkið hefur gert um lækkun fjárframlaga til kirkjunnar.

Með samkomulagi dómsmálaráðherra, fjármálaráðherra og biskups Íslands sem gert var 10. janúar 1997 um kirkjujarðir og kirkjueignir er kveðið á um fjármálaleg samskipti ríkis og kirkju. Samkomulag þetta var staðfest af kirkjuþingi og alþingi með samþykkt laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Meginniðurstöður í því samkomulagi voru að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum, skyldu vera eign íslenska ríkisins og andvirði seldra jarða renna í ríkissjóð. Á móti skuldbatt íslenska ríkið sig til að standa skil á launum tiltekins fjölda presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins. Í samræmi við þá samningsskuldbindingu kveður 60. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar á um að ríkið standi skil á launum biskups Íslands, vígslubiskupa, 138 starfandi presta og prófesta þjóðkirkjunnar og 18 starfsmanna biskupsstofu.

Í þeim tilgangi að bregðast við áformum ríkisins um lækkun útgjalda ríkissjóðs er varða m.a. framangreindar skuldbindingar leggur biskup Íslands nú til í hjálögðu minnisblaði að gerður verði formlegur samningur milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um tímabundnar breytingar á framangreindu samkomulagi ríkis og kirkju 10. janúar 1997. Samningurinn verði háður samþykki kirkjuþings og alþingis með viðeigandi lagabreytingum, er breyti tímabundið framkvæmd 60. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Með sama hætti verði sett ákvæði til bráðabirgða í frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga, sem fyrirhugað er að leggja fram á komandi þingi er heimili tímabundið frávik frá þeirri grein frumvarpsins er sé efnislega samhljóða 60. gr. nógildandi laga.

Samkvæmt fjárlögum ársins 2009 voru fjárframlög ríkisins til þjóðkirkjunnar kr. 1473 m.kr. Við undirbúning frumvarps til fjárlaga vegna ársins 2010 er miðað við lækkun útgjalda ríkissjóðs til þjóðkirkjunnar um 10.7% eða um liðlega 581 m.kr. en þar af nemur lækkun sóknargjalda liðlega 233 m.kr.

Tillaga: Dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra verði heimilað að hefja viðræður við biskup Íslands um tímabundnar breytingar á samningsbundnum og lögbundnum fjármálalegum samskiptum ríkis og kirkju í því skyni að bregðast við þeirri kröfu sem ríkið hefur gert um lækkun fjárframlaga til kirkjunnar.

Hagræðingarkrafa ríkisins á hendur þjóðkirkjunni og kirkjujarðasamkomulagið 1997.

Minnisblað

Vegna hagræðingarkröfu ríkisins og þeirrar skerðingar á tekjustofnum þjóðkirkjunnar sem þegar hafa orðið og boðaðir eru tel ég nauðsynlegt að gerður verði formlegur samningur milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um tímabundnar breytingar á kirkjujarðasamkomulaginu 10. janúar 1997. Til þess samnings verður síðan að vísa í lagaákvæði, sem breytir tímabundið framkvæmd 60. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Með sama hætti þyrfti að setja ákvæði til bráðabirgða í frumvarp til nýrra þjóðkirkjulaga en halda hins vegar óbreyttri 47. gr. þess, sem er efnislega samhljóða 60. gr. núgildandi laga. Samningurinn þarf að hafa í sér fölginn fyrirvara um samþykki kirkjuþings.

Hér er gerð grein fyrir tekjustofnun þjóðkirkjunnar og niðurskurðarkröfum ríkisins sem biskupsstofu hafa verið kynntar:

1. Tekjustofnar Þjóðkirkjunnar

Lögbundnir og samningsbundnir tekjustofnar þjóðkirkjunnar eru:

- a) Biskup Íslands. Laun 138 presta og 18 starfsmanna Biskupsstofu, samkvæmt samkomulagi um afhendingu kirkjujarða 1997, sem staðfest er með lögum nr. 78/1997.
- b) Kirkjumálasjóður. Ríkissjóður skilar kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti gjaldi er nemur 14,3% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða.
- c) Kristnisjóður (sjá kirkjujarðasamkomulagið og lög um Kristnisjóð).
- d) Jöfnunarsjóður sókna. Ríkissjóði ber að skila af tekjuskatti gjaldi er nemur 18,5% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða.
- e) Sóknargjöld. Innheimt eru sóknargjöld fyrir öll skráð trúfélög og þjóðkirkjusóknir.
- f) Kirkjugarðar (samningur við Kirkjugarðaráð).

Jöfnunarsjóður sókna, Kristnisjóður og Kirkjumálasjóður standa undir rekstri þjóðkirkjunnar að mestu leyti.

Auk þessara tekjustofna hafa einstaka sóknir og stofnanir á vegum kirkjunnar fengið fjárveitingar á fjárlögum. Þar má nefna Dómkirkjuna í Reykjavík og Hallgrímskirkju, sem og Skálholt.

2. Niðurskurður 2009 og 2010

Með fjárlögum ársins 2009 voru lögbundnar og samningsbundnar tekjur þjóðkirkjunnar skertar og aftur í júní þessa árs, sóknargjöld um 316,6 m.kr., greiðslur til Jöfnunarsjóðs 58,6 m.kr og til Kirkjumálasjóðs 45,3 m.kr eða samtals 420,5 m.kr.

Nú hefur biskupsstofu verið tilkynnt að sóknargjöld verði skert um kr. 228 milljónir árið 2010 og mun þá Jöfnunarsjóður sókna skerðast um kr. 50 milljónir og Kirkjumálasjóður um kr. 38 milljónir. Einnig er boðað að framlög á fjárlagaliðnum þjóðkirkjan – almennur rekstur - biskup Íslands, sem er samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu, muni verða skert um kr. 160 milljónir, u.þ.b.10%.

3. Hallgrímskirkja

Í september 2008 handsöluðu þáverandi dóms og kirkjumálaráðherra, Björn Bjarnason, borgarstjórinn í Reykjavík og biskup Íslands áframhaldandi stuðning ríkis, borgar og kirkjunnar við viðgerðir á turni Hallgrímskirkju, á árabílinu 2013 til 2018. Skuldbatt hver þeirra sig til að greiða árlega 12. 4 m. kr. Í ágúst s.l. var biskupsstofu kynnt sú ákvörðun að fjármálaráðuneytið vildi endurskoða þennan samning með tilliti til verulegrar lækkunar á framlagi sínu. Nýlega barst svo biskupsstofu yfirlýsing frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu um að framlag ríkisins til Hallgrímskirkju árin 2013-2018 yrði kr. 5 millj. á ári eða kr. 30 millj. alls. Af þessu leiðir að Reykjavíkurborg mun að öllum líkindum lækka framlag sitt samsvarandi. Mismunurinn mun því falla á Jöfnunarsjóð sókna.

4. Kirkjujarðasamkomulagið

Með samkomulagi ríkisins og þjóðkirkjunnar 10. janúar 1997 lét kirkjan af hendi til ríkisins kirkjujarðir og meðfylgjandi kirkjueignir, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir. Á móti þessum verðmætum skuldbatt ríkið sig til að greiða tilteknum fjölda starfsmanna þjóðkirkjunnar laun um ókomna tíð, prestum, próföstum, biskupum og starfsmönnum á biskupsstofu. Skýrt var tekið fram að þetta samkomulag fæli í sér eignaafhendingu og skuldbindingu um fullnaðaruppgjör vegna þeirra verðmæta, sem ríkissjóður tók við árið 1907. Yrðu verulegar vanefndir á skyldum af hálfu annars hvors sammingsaðila gæti hinn sagt samningi þessum upp.

Af þessu er ljóst að ríkið getur ekki að réttu lagi dregið úr sammingsbundnum greiðslum til þjóðkirkjunnar nema með samningum við hana. Það er vegna þess að fjárstuðingur ríkisins við þjóðkirkjuna byggist fyrst og fremst skýrum rökum um eignarréttartilkall hennar til þeirra kirkjujarða og kirkjueigna, sem ríkinu voru endanlega fengnar með samkomulaginu frá 1997. Þetta samkomulag myndi einnig gilda þótt 62. gr. stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna og stuðning ríkisvaldsins við hana yrði felld brott. Hverfi ríkisvaldið frá þessum stuðningi við kirkjuna í heild eða að hluta gegn vilja hennar raknar tilkall þjóðkirkjunnar til kirkjujarðanna við.

Vegna þessarar skýru réttarstöðu tel ég nauðsynlegt að gerður verði formlegur samningur milli ríkisins og þjóðkirkjunnar um tímabundnar breytingar á samkomulaginu 10. janúar 1997 svo unnt verði að koma til móts við hagræðingarkröfu ríkisins.

Á biskupsstofu, 12. september 2009

Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands

Viðaukasamningur
um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. 60. gr. laga nr. 78/1997.

1. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná árangri í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins.

Í þessu skyni fellst þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2010 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Að frátöldum launa- og verðlagshækkunum sem nema 37 millj. kr. er um hagræðingarkröfu að ræða til þjóðkirkjunnar um 160 millj. kr.

2. gr.

Þrátt fyrir að aðilar samkomulagsins líti á framangreint samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra, vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, eru aðilar sammála um að ofangreind skerðing á framlagi ríkisins vegna launagreiðslna samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, leiði ekki til riftunar kirkjujarðasamkomulagsins.


3. gr.


Samkomulag þetta leiðir einnig til þess að hagræðingarkrafa er gerð gagnvart Kristnisjóði á árinu 2010 um 9 milljónir umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið.


4. gr.

Samkomulagi þessu sem gert er með fyrirvara um samþykki Kirkjupings og Alþingis er ætlað að gilda fyrir árið 2010.

Reykjavík, 10. nóvember 2009


Biskup Íslands


Dómsmála- og mannréttindaráðherra


Fjármálaráðherra

Viðaukasamningur

um tímabundna breytingu á fjárframlögum frá ríkinu samkvæmt samkomulagi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. 60. gr. laga nr. 78/1997.

1. gr.

Við hrun fjármálakerfisins í október 2008 komust fjármál ríkisins í uppnám. Tekjur ríkisins hafa síðan dregist verulega saman og útgjöld aukist og ríkissjóður er rekinn með meiri halla en nokkur dæmi eru um. Til þess að ná árangri í ríkisfjármálum er nauðsynlegt að grípa til margþættra aðgerða til lækkunar á útgjöldum ríkisins.

Í þessu skyni fellst Þjóðkirkjan á að leggja sitt af mörkum og hreyfir ekki andmælum við að framlög ríkisins samkvæmt samningi frá 10. janúar 1997 verði lækkuð á árinu 2011 til samræmis við almennan niðurskurð á flestum sviðum ríkisins.

Skerðing á umsömdum framlögum til Þjóðkirkjunnar á fjárlagaliðnum 06-701 Þjóðkirkjan/Biskup Íslands á árinu 2011 er 7.5% miðað við fjárlög 2010 eða 100 milljónir króna. Niðurskurður 2010 var 160 milljónir króna. Niðurskurður 2011 verður því samtals 260 milljónir króna miðað við fjárlög 2009. kr.

2. gr.

Drátt fyrir að aðilar samkomulagsins líti á framangreint samkomulag um eignaafhendingu og skuldbindingu sem fullnaðaruppgjör þeirra, vegna þeirra verðmæta sem ríkissjóður tók við árið 1907, eru aðilar sammála um að ofangreind skerðing á framlagi ríkisins vegna launagreiðslna samkvæmt 3. gr. samkomulagsins, leiði ekki til riftunar kirkjujarðasamkomulagsins.


3. gr.


Samkomulag þetta leiðir einnig til þess að hagræðingarkrafa er gerð gagnvart Kristnisjóði á árinu 2011 um 5,9 millj. kr. miðað við fjárlög 2010 umfram þá lækkun sem lágmarkslaun 15 prestsembætta hefur tekið. Niðurskurður árið 2010 var 9 milljónir kr. Niðurskurður 2011 verður því samtals 14,9 milljónir kr. miðað við fjárlög 2009.


4. gr.

Samkomulagi þessu sem gert er með fyrirvara um samþykki kirkjubings og Alþingis er ætlað að gilda fyrir árið 2011.

3. nóvember 2010.


Biskup Íslands


dómsmála- og mannréttindaráðherra


fjármálaráðherra

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.0	Ábm. HZ
Innk.: 20 DES. 2006	
DKM 02030129	

Endurprentað

Íslenska ríkið og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar

I. Kafli

1. gr.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem Prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, sbr. upptalningu prestssetra í II. kafla samkomulags þessa, er eign Þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Prestsbústaðir, hús og aðrar eignir, sem Prestssetrasjóður hefur keypt er eign Þjóðkirkjunnar, sbr. upptalningu í III. kafla samkomulags þessa.

3. gr.

Íslenska ríkið afhendir eignirnar til fullra yfirráða eins og þær eru nú ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem þeim fylgja með þeim takmörkunum sem nánar greinir í samkomulagi þessu. Þjóðkirkjan tekur við eignunum ásamt réttindum, skyldum og/eða kvöðum frá sama tíma.

4. gr.

Samkomulag þetta felur í sér, auk afhendingar tiltekinna eigna til Þjóðkirkjunnar, að íslenska ríkið hækkar árlegt framlag sitt til Kirkjumálasjóðs sem nemur 3,0% af því gjaldi sem árlega er greitt til sjóðsins þannig að gjald í Kirkjumálasjóð verði 14,3% frá 1. janúar 2007. Samhliða umræddri hækkun munu framlög samkvæmt eftirfarandi viðfangsefnum undir fjárlagaliðnum 06-701 *Þjóðkirkjan* falla brott frá og með fjárlögum 2007: 1.12, 1.15, 1.16 og 1.91.

5. gr.

Með eignaafhendingu og uppgjöri samkvæmt samkomulagi þessu á sér stað fullnaðaruppgjör vegna allra prestssetra og prestssetursjarða.

Uppgjör þetta tekur einnig til ákvarðana stjórnvalda um stofnun, flutning, viðhald eða breytingar á prestssetrum sem teknar voru áður en umsýsla prestssetra fluttist til Prestssetrasjóðs og höfðu eða kunna að hafa í för með sér fjárskuldbindingar fyrir sjóðinn.

Samkomulag er með aðilum um að í uppgjöri þessu felist einnig að bættur hafi verið sá umsýslu- og stjórnunarkostnaður sem Prestssetrasjóður hefur haft af rekstri sjóðsins eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hætti að kosta umsýslu með honum.

Sama gildir um þann lögfræði- og málskostnað sem Þjóðkirkjan kann að bera í framtíðinni við að leiða nánar í ljós réttindi eða skyldur sem tengjast umræddum jörðum.

6. gr.

Með samkomulagi þessu eru ekki afhentar aðrar eignir en þær sem nú eru á forræði Prestssetrasjóðs. Hjáleigur prestssetursjarða, nýbýli, lóðir og jarðarhlutar sem skipt hefur verið úr hinum afhentu jörðum ganga ekki til Þjóðkirkjunnar né andvirði fyrir sölu þeirra nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi þessu, sbr. III. Kafla.

Önnur prestssetur, ásamt því sem þeim fylgdi og aðrar eignir og skuldbindingar ríkisins vegna prestssetra, teljast með kirkjueignum, sem afhentar voru með kirkjujarðasamkomulaginu frá 10.1.1997. Jörðin Þingvellir er þar meðtalin og skal hún vera eign íslenska ríkisins. Kirkjan þar er eign íslenska ríkisins, sem sér um búnað hennar og viðhald, ásamt því að veita aðstöðu fyrir sóknarprest í tengslum við kirkjuathafnir.

7. gr.

Prestssetursjarðir, sem afhentar eru, miða við landamerki jarða eins og þau eru talin vera í dag og er Þjóðkirkjunni kunnugt um að niðurstöður Óbyggðanefndar og/eða dómstóla skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, kunna að breyta þeim landamerkjum.

Séu á umræddum jörðum byggingar eða aðrar eignir sem ekki hafa verið í eigu eða umsjá Prestssetrasjóðs fyrir samkomulag þetta, s.s. skólabyggingar, íbúðarhús eða önnur mannvirki, skal Þjóðkirkjan útmæla slíkum mannvirkjum hæfilega lóð og gera lóðarsamning við eiganda eða umsjónaraðila mannvirkisins.

Þjóðkirkjan tekur við eignunum að öðru leyti í því ástandi, sem þær eru í, við undirritun samkomulags þessa og sættir sig við að fullu.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um efni eða túlkun samkomulagsins milli aðila þess, t.d. varðandi eignir, landamerki, hlunnindi eða ítök einstakra prestssetursjarða, og skal þá þriggja manna gerðardómur útkljá slík deilumál, enda verði gerðardómsmál höfðað fyrir árslok 2010.

Gerðardómurinn skal skipaður einum fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðuneytinu, einum tilnefndum af Þjóðkirkjunni og einum skipuðum af Héraðsdómi Reykjavíkur.

- 1) Réttindi yfir ca. 5 ha. landspildu í samræmi við samning ríkissjóðs við Austur-Hérað, dags. 22.02.2001.
- 2) Jörðin er nú leigð til ábúðar í umsjón Prestssetrasjóðs. Þjóðkirkjan tekur við öllum réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt ábúðarsamningi.
- 3) Prestsetrið á Hólum í Reyðarfirði var flutt á Eskifjörð og jörðin leigð til ábúðar. Ríkissjóður hefur selt jörðina til Fjarðarbyggðar og er gert ráð fyrir að starfandi prestur í sókninni hafi heimild til nýtingar þeirra hlunninda, sem hann hefur hingað til nýtt, þar til hann lætur af störfum, sem prestur í prestakallinu.
- 4) Ásamt ½ Efsta-Koti, sem er óselt og ekki í umsjón ráðuneytis. ½ Efstakot var selt með afsali 12. 9. 1997.
- 5) Ásamt hluta Aurasels í umsjón Prestssetrasjóðs.
- 6) Skipti urðu á landi og er 50 ha. spilda úr landi Réttarholts í umráðum ábúanda Traða. Gengið verður formlega frá eignarhaldi landspildunnar í samræmi við þá samninga sem gerðir voru.
- 7) Íbúðarhúsið er á lóð í eigu Þjóðkirkjunnar.
- 8) Jörðin er nú leigð til ábúðar í umsjón Prestssetrasjóðs. Þjóðkirkjan tekur við öllum réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt ábúðarsamningi.
- 9) Ásamt lóðum sem nú eru leigðar út í umsjón Prestssetrasjóðs.
- 10) Prestssetrið er í landi Hvanneyrar og var flutt þangað um miðja síðustu öld. Gengið verður frá skýrri eignarheimild og afmörkun lóðar prestssetursins.
- 11) Ásamt jörðum, réttindum og skyldum, sbr. samning milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, dags. 7. júlí 1987 og bréf dags. 17. nóv. 2005 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til Prestssetrasjóðs um leigusamninga og löggæringa.
- 12) Ágreiningur hefur verið milli Prestssetrasjóðs og eiganda jarðarinnar Traða sem seld var 1998. Þjóðkirkjan sjái um lausn ágreiningsins gagnvart eigendum jarðarinnar.
- 13) Ásamt eyju í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi.
- 14) Ásamt eyjum í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi
- 15) Gengið verður formlega frá afmörkun þeirra réttinda og þeirrar lóðar sem prestssetrið hefur hingað til haft yfir að ráða.
- 16) Ásamt eyju í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi.
- 17) Ásamt Borgarhól, sem er óseldur og ekki í umsjón ráðuneytis.
- 18) Gengið verður frá lóðarsamningi kringum íbúðarhús Þjóðkirkjunnar.

III. Kafli

Hér eru tilgreindar þær 20 eignir, sem Prestssetrasjóður hefur keypt og verða eign Þjóðkirkjunnar:

	<u>Lýsing eignar</u>	<u>Skýringar</u>	<u>Skráð eign</u>
<u>Múlaprófastsdæmi fj.2</u>			
Hof	Hús á jörð	Hlaða	Prestssetrasjóður
Valþjófsstaður	Hús á jörð	Geymsla og karftöflugeymsla	Prestssetrasjóður
<u>Austfjarðarprófastsdæmi fj. 1</u>			
Heydalir	Hús á jörð	Hesthús-Dúnhús	Prestssetrasjóður
<u>Rangárvallaprófastsdæmi fj. 1</u>			
Oddi, Rangárvöllum	Hús á jörð	Gripahús	Prestssetrasjóður
<u>Kjalarnessprófastsdæmi fj. 3</u>			
Útskálar, Garði	Skagabraut 30	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
Vestmannaeyjar	Hólágata 42, neðri hæð	Íbúð	Prestssetrasjóður
Vestmannaeyjar	Smáragata 6	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
<u>Borgarfjarðarprófastsdæmi fj. 1</u>			
Reykholt, Borgarfirði	Hús á jörð	Bílskúr	Prestssetrasjóður
<u>Snæfellsness-og Dalaprófastsd. fj. 2</u>			
Hellissandur	Laufás 2	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
Búðardalur	Sunnubraut 25	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
<u>Ísafjarðarprófastsdæmi fj. 1</u>			
Bolungarvík	Völusteinsstræti 16	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
<u>Húnavatnsprófastsdæmi fj. 2</u>			
Blönduós	Hlíðarbraut 20	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
Skagaströnd	Hólabraut 30	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
<u>Skagafjarðarprófastsdæmi fj. 3</u>			
Glaumbær	Hús á jörð	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
Míklibær 1)	Hús á jörð	Íbúðarhús	Ríkissjóður
Hofsós	Kirkjugata 13	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður

Eyjafjarðarprófastsdæmi fj. 2

Ólafsfjörður
Dalvík

Hlíðarvegur 42
Dalbraut 2

Einbýli með bílskúr
Einbýli með bílskúr

Prestssetrasjóður
Prestssetrasjóður

Þingeyjarprófastsdæmi fj. 2

Laufás
Húsavík

Hús á jörð
Ketilsbraut 20

Einbýli með bílskúr ásamt geymslu
Einbýli með bílskúr

Prestssetrasjóður
Prestssetrasjóður

1) Íbúðarhús byggt 1995 af Prestssetrajóði, skráð hjá Fasteignamati sem eign Ríkissjóðs.

IV. kafli

Samkomulag þetta grundvallast á álitserð kirkjueignanefndar frá 1984 og er viðauki við samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. V. kafla laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar og samning íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 með fjárskuldbindingum ríkisins á mótí afhendingu kirkjueigna allt frá 1907.

Í 5. gr. samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar, frá 10. janúar 1997, *um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar*, segir að prestssetrin og það sem þeim fylgi séu undanskilin samkomulaginu. Í ákvæðinu kemur fram að fjallað verði síðar um eignarréttarstöðu prestssetrana.

Með undirritun samkomulags þessa hefur þeirri umfjöllun að fullu verið lokið milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar og lýsa sammingsaðilar því yfir að sú eignaaafhending og árleg greiðsla sem á sér stað með samkomulagi þessu sé fullnaðaruppgjör milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar vegna allra prestssetra og hvorugur aðili eigi kröfu á hendur hinum vegna þeirra.

Reykjavík,

biskup Íslands

d óms- og kirkjumálaráðherra

fjármálaráðherra



Hafsteinn S.
Hafsteinsson/FJR/NotesSTJ
R

18.10.2006 12:17

To Hjalti Zóphóniasson/DKM/NotesSTJR@NotesSTJR

cc

bcc

Subject Prestssetur

Sæll Hjalti hér kemur minnisblaðið og samningurinn.

Vil segja þér frá því að Halldór Árnason hringdi í mig og sagði að honum hefði orðið einhver fótaskortur varðandi Þingvelli - því hann hafði óskað eftir því að sett yrði inn eftirfarandi setning varðandi Þingvelli:

"Kirkjan þar er eign íslenska ríkisins, sem sér um búnað hennar og viðhald, ásamt því að veita starfsaðstöðu fyrir sóknarprest í tengslum við kirkjuathafnir."

Hann bað mig hins vegar um að ræða við kirkjuna um að breyta orðinu "**starfsaðstöðu**" í "**aðstöðu**".

Þessi leiðrétting kemur ansi seint frá forsætisráðuneytinu enda kirkjan búin að samþykkja hitt orðalagið en ég hef þó sent tillögu um þessa breytingu á Þorvald Karl en hef ekki heyrt neitt enn frá þeim.

Það því væntanlega rétt að ráðherrann tali um "aðstöðu" fyrir prest í sinni ræðu ef hann ætlar að tækla það með einhverjum hætti.

Með kveðju,
Hafsteinn



Prestssetur-Breytingartillaga frá ríkinu 17.okt. 2006.doc

Hafsteinn S. Hafsteinsson, lögfræðingur / Legal Adviser

Fjármálaráðuneytið, fjárreiðu- og eignaskrifstofa / Ministry of Finance

Arnarhvoli, 150 Reykjavík, Iceland

Sími 545-9200, fax 562-8280 / Tel. +354-545-9200, fax +354-562-8280

www.raduneyti.is / www.government.is

----- Forwarded by Hafsteinn S. Hafsteinsson/FJR/NotesSTJR on 17.10.2006 15:40 -----



Prestssetur

Búið til: 18.10.2006 11:33:33

Fjármálaráðuneytið

Minnisblað

Áskriftir:

Viðtakandi: **forsætisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra, fjármálaráðherra**
Sendandi: **samninganefnd ríkis um prestssetur.**
Dagsetning: **28.06.2004**
Málsnúmer: **FJR01100091**
Bréfalykill: **34-8-1**

Efni: Eignarréttarstaða kirkjujarða og prestsetra.

Tilmæli ráðherra:

Texti:

I.

Hinn 1. janúar 1994 tóku gildi lög nr. 137/1993 um prestssetur. Eins og fram kom í nefndarálitni meirihluta allsherjanefndar var með frumvarpinu lagt til að ákveðin lög gildi um prestssetur landsins til að taka af öll tvímæli að sérstakar reglur og sjónarmið gilda um þau. Jafnframt segir í nefndarálitinu að engin afstaða væri tekin til eignarréttar yfir prestssetrunum í frumvarpinu enda séu að störfum sérstakar nefndir ríkis og kirkju sem hafa það hlutverk að fjalla um framtíðarskipan kirkjueigna.

Tæplega þremur árum síðar eða hinn 10. janúar 1997 gerði ríkið og kirkjan samning um svokallaðar kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir nema prestssetrin, en samkomulagið var gert með það fyrir augum að það væri liður í að skýra tengslin milli ríkis og kirkju. Um langt skeið hafði kirkjan og ríkið verið nánast óaðgreinanleg enda kirkjan nánast verið ríkiskirkja en á þessum tíma var von á breytingu á stöðu hennar þar sem verið var að undirbúa setningu laga um stöðu Þjóðkirkjunnar þar sem ætlunin var að veita henni meira sjálfstæði í málefnum sínum en verið hafði.

Í samkomulaginu var eftirfarandi slegið föstu:

“Kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir, eru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Umsýsla og ráðstöfun umræddra eigna fer eftir gildandi lögum á hverjum tíma.”

Í stað jarðanna skuldbatt ríkið sig til að greiða laun tiltekins fjölda presta þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins.

Af hálfu ríkisins var á þessum tíma talið eðlilegt að ekki yrði tekið á eignarréttarmálum prestssetranna enda voru þau nýtt af prestum þjóðkirkjunnar til íbúðar og um þau giltu sérlög og því nauðsynlegt að taka á þeim sérstaklega. Þar var heldur ekki um það að ræða að ríkið væri að taka til sín með formlegum hætti tilteknar eignir heldur yrði þvert á móti um að ræða samning sem myndi grundvallast á að kirkjan tæki við tilteknum eignum til eignar og umsýslu af ríkinu.

Í framhaldi af undirritun samkomulagsins var í 63. gr. 1. nr. 78/1997 um stöðu stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar mælt fyrir um að kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim

fylgdu að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgdu væru eign íslenska ríkisins. Andvirði seldra jarða skyldi renna í ríkissjóð. Á móti myndi ríkið skuldbinda sig til að greiða laun 138 presta og 18 starfsmanna biskupsstofu.

II.

Í kjölfar samkomulagsins um kirkjujarðirnar voru teknar upp viðræðum við kirkjunnar menn um eignarréttarstöðu prestssetranna. Með drögum að samkomulagi sem samningamenn ríkisins (sem komu úr dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu) lögðu fram snemma árs 2002 var gengið út frá því sjónarmiði að samningar hefðu á árinu 1997 tekist um allar eignir nema prestssetur í skilningi laga nr. 137/1993 um prestssetur. Tilboð ríkisins byggði á eftirfarandi:

a) Verið væri að afhenda formlega til Þjóðkirkjunnar til fullrar eignar og yfirráða u.þ.b. 87 jarðir og íbúðarhús sem fellu undir lög um prestssetur. Með afhendingunni væri verið að færa gríðarleg verðmæti yfir til kirkjunnar.

b) Gengið var út frá því í viðræðum við fulltrúa kirkjunnar og í drögum að samkomulagi að ríkið greiddi kirkjumálasjóði þjóðkirkjunnar meðgjöf með eignunum að fjárhæð u.þ.b. 150 m.kr. sem greiðast skyldu á þremur árum.

c) Í samkomulaginu skyldi felast fullnaðaruppgjör ríkis og kirkju vegna prestssetranna hverju nafni sem nefndist vegna:

- Allra afhentra prestssetra og prestssetursjarða.
- Allra annarra prestssetra og prestssetursjarða hvort sem þau hefðu verið lögð niður, seld eða ráðstafað með öðrum hætti og ekki væru meðal hinna afhentu eigna.
- Ákvarðana stjórnvalda um stofnun, flutning, viðhald og breytingar á prestssetrum sem teknar voru áður en umsýsla prestssetra fluttist til prestssetrasjóðs og hefðu haft eða kynnu að hafa í för með sér fjárskuldbindingar fyrir sjóðinn.
- Umsýslu og stjórnunarkostnaðar sem prestssetrasjóður hefði haft af sjóðnum eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hætti að kosta umsýslu með honum.
- Lögfræði- og málskostnaðar sem kirkjan kynni að bera í framtíðinni við að leiða í ljós réttindi eða skyldur sem tengjast umræddum jörðum.

Gert var ráð fyrir því í samkomulaginu að jörðin Þingvellir yrði áfram í eigu ríkisins eins og verið hefði frá örófi alda þrátt fyrir að þar hefði jafnframt verið prestssetur. Ekki var talið að jörðin ætti undir samninganefnd ríkis og kirkju enda giltu um hana sérstök lög nr. 59/1928 sem mæltu fyrir um stöðu hennar.

III.

Óánægju gætti með útspil ríkisins af hálfu kirkjunnar manna. Hinn 17. apríl 2002 lagði prestssetranefnd þjóðkirkjunnar fram sín eigin drög að samkomulagi um prestssetrin og uppgjör þeirra. Þeirri skoðun virðist hafa vaxið ásmegin innan kirkjunnar að með samkomulaginu frá 1997 hefði í raun ekki verið samið um meginhluta kirkjujarðanna því eftir væri að semja um allar jarðir sem einhvern tímann hefðu verið prestssetur allt frá árinu 1907 þegar gildi tóku lög nr. 50/1907 um sölu kirkjujarða, auk landsspildna, nýbýla, hjáleiga og réttinda sem einhvern tímann hefði verið hluti af þeim prestssetrum. Í samræmi við það sjónarmið gerði kirkjan því neðangreindar kröfur umfram þær sem ríkið hafði opnað á að samið yrði um:

- Nýbýli, hjáleigur og tengd réttindi sem einhvern tímann hefðu tilheyrt prestssetrunum yrðu eign þjóðkirkjunnar og undir hennar stjórn.
- Óseld fyrrum prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir, nýbýli og hjáleigur úr prestssetursjörðum allt frá 1907, verði eign íslenska ríkisins en fyrir þau kæmi greiðsla frá ríkinu.

- Seld fyrrum prestssetur sem verið hefðu í umsýslu ríkisins, aðallega landbúnaðarráðuneytisins frá 1907 yrðu bætt með greiðslu til kirkjunnar.

Um svo margar jarðir virðist hafa verið að ræða að til ríkisins kom aldrei komið endanlegur listi með tilgreiningu þeirra eins og boðað var heldur einungis ófullkomin drög. Slíkur listi krefst enda mikillar sagnfræðilegrar og lögfræðilegrar yfirlegu.

Fjárkröfur kirkjunnar í tengslum við þann skilning sem kirkjunnar menn lögðu í mál þetta og komu fram í drögum að samningi voru með eftirfarandi hætti:

- Prestssetur/hjáleigur/nýbýli úr prestssetursjörðum sem nú eru í umsýslu landbúnaðarráðuneytisins og fleiri stofnana ríkisins eða eru í eyði og yrðu eign íslenska ríkisins samtals **670 m.kr.**
- Nýbýli, hjáleigur og prestsbústaðir sem ríkið hefur selt frá 1907 samtals um **535 m.kr.**
- Endurmat á 6 jörðum í eigu prestssetursins að Görðum í Garðabæ og Vífilsstöðum 550 m.kr. að frádregnu 50 m.kr. söluverði til sveitarfélags eða samtals **500 m.kr.**
- Bótalaus taka lands vegna stækkunar byggðalaga (t.d. Borgarness) og ótilgreind endurgjaldslaus efnistaka úr ýmsum námum á lóðum prestssetra samtals **500 m.kr.**
- Nýbygging, endurbygging eða kaup prestsbústaða vegna ákvarðana stjórnvalda sem teknar voru áður en umsýsla prestssetrana fluttist til sjóðsins kr. **120 m.kr.**
- Áfallinn vanmetinn umsýslu- rekstrar- og stjórnunarkostnaður prestssetrasjóðs samtals um **225 m.kr.**
- Nýbygging eða kaup á lögboðnum prestsbústöðum sem ekki voru reistir á Egilsstöðum og Hraungerði en ákveðið var að flytja prestssetur á þessa staði fyrir mörgum árum. Nýtt prestssetur á Þingvöllum vegna þess sem forsætisráðuneytið tók til annarra nota. Samtals **105 m.kr.**
- Endurmat vegna mismunar á fyrrum prestssetursjörðum og bústaða í þéttbýli. Sums staðar telur kirkjan að mikill munur hafi verið á verðmæti jarðanna miðað við bústaðinn sem presturinn fékk í þéttbýlinu. Aðallega er um að ræða prestssetrin í Þórshöfn, Höfn í Hornafirði og Hvanneyri. Samtals um **60 m.kr.**
- Prestmata sem lögð var niður með lagaboði árið 1921 samtals um **200 m.kr.**
- Óuppfyllt fyrirheit á Hólum um jarðnaði, vígslubiskupsbústað o.fl. samtals **50 m.kr.**

Auk þess að fara fram á bætur vegna nýs prestsseturs á Þingvöllum eins og fram kemur hér að ofan var í kröfum kirkjunnar farið fram á að Þingvallajörðin yrði afhent kirkjunni enda væri hún að áliti kirkjunnar prestssetursjörð. Þar sem krafist var afhendingar á jörðinni var hún ekki inn í framangreindum fjárkröfum kirkjunnar og yrði því að áliti kirkjunnar að bætast sérstaklega ef ekki væri vilji hjá ríkinu að afhenda Þingvelli.

Þær kröfur sem taldar eru upp hér að framan nema um **3 milljörðum** króna og lagði kirkjan til við ríkið að í stað greiðslu á umræddri fjárhæð í einu lagi skyldi ríkið greiða kirkjunni árlega ótímabundið/óendanlegt framlag með svipuðum hætti og gert var með samningnum um kirkjujarðirnar.

Á síðasta viðræðufundi samráðsnefndar ríkisins og kirkjunnar sem haldinn var í október 2002 höfnuðu fulltrúar ríkisins framangreindum sjónarmiðum kirkjunnar manna. Jafnframt áréttuðu fulltrúar ríkisins að ríkið væri ekki reiðubúið að semja um varanlegar árlegar greiðslur heldur væri eðlilegt að fram færi fullnaðaruppgjör á milli aðila með greiðslu tiltekinnar fjárhæðar. Var þá og áréttað tilboð um greiðslu á 150 m.kr. samfara afhendingu prestssetrana.

IV.

Í samræmi við það sem fram hefur komið hefur það verið sjónarmið ríkisins að með

samkomulaginu frá 1997 hafi verið gengið frá samningi um allar kirkjujarðir og kirkjueignir nema þær sem skilgreindar hafa verið sem prestssetur í lögum 137/1993 um prestssetur. Þessi skilningur ríkisins kemur að áliti ríkisins fram í 5. gr. samkomulagsins en þar er gerð grein fyrir þeim kirkjújörðum sem ekki falli undir samkomulagið og falli þar með ekki til ríkisins:

Undir samkomulag þetta falla ekki eftirtaldar jarðeignir:

.....

c) Prestssetur: Eins og tekið er fram í samkomulaginu þá falla prestssetrin og það sem þeim fylgir ekki undir þetta samkomulag. Prestssetrasjóður hefur á höndum umsjón og umsýslu umræddra jarða, sbr. lög nr. 137/1993 um prestssetur. Viðræðunefnd kirkjunnar óskar eftir því að viðræðunefndirnar fjalli síðar um eignarréttarstöðu prestssetrana.

Þegar gengið var frá samkomulaginu og það undirritað fór því ekki milli mála hvaða eignir ósamið væri um milli ríkis og kirkju og viðræðunefndirnar þyrftu að fjalla um síðar. Það kemur skýrt fram í texta samkomulagsins að prestssetrasjóður hafi á höndum umsjón og umsýslu þeirra umræddu jarða sem ósamið var um, sbr. lög um prestssetur nr. 137/1993.

Benda má í þessu sambandi á að í lögnum er einnig sérstaklega mælt fyrir um hvaða eignir skyldu færast yfir til prestssetrasjóðs við gildistöku þeirra auk þess sem hugtökin *prestssetur*, *prestssetursjörð* og *prestsbústaður* eru skýrð. Þannig segir í 1. gr. að orðið *prestssetur* í lögnum merki lögboðinn aðsetursstað prests sem er hluti af embætti hans. Í orðskýringum sömu greinar segir að *prestssetursjörð* merki tiltekna jörð (lögbyli) ásamt mannvirkjum, þar með talið íbúðarhús sem að lögum er prestssetur. Þar segir einnig að *prestsbústaður* merki íbúðarhúsnæði án jarðnæðis í tilteknu sveitarfélagi eða á tiltekinni jörð eða nafngreindum stað þar sem lögboðið er að prestssetur skuli vera. Í lögnum sagði að við gildistöku þeirra tæki stjórn prestssetrasjóðs við þeirri yfirstjórn prestssetra sem verið hefur í höndum dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, svo og réttindum og skyldum sem þeim fylgja.

Ekki hefur verið ágreiningur um það milli ríkis og kirkju hvaða prestssetur og prestsbústaðir fluttust yfir til prestssetrasjóðs við gildistöku laganna enda eru þær eignir skráðar á sjóðinn í fasteignamatsskrám Fasteignamats ríkisins, auk þess sem sjóðurinn hefur séð um greiðslu opinberra gjalda, innheimt leigu af eignunum o.s.frv. Um er að ræða þær 87 eignir sem fjallað er um í drögum að samkomulagi ríkisins við kirkjuna auk nokkurra eigna sem keyptar og seldar hafa verið frá gildistöku laganna.

Endurgjald það sem kom fyrir jarðirnar af hálfu ríkisins í formi ótímabundinna launagreiðslna til presta Þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsstofu var af hálfu ríkisins miðað við framangreindan skilning.

Breytingartillaga frá ríkinu 17.10.2006

Íslenska ríkið og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar

I. Kafli

1. gr.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem Prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, sbr. upptalningu prestssetra í II. kafla samkomulags þessa, er eign Þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Prestsbústaðir, hús og aðrar eignir, sem Prestssetrasjóður hefur keypt er eign Þjóðkirkjunnar, sbr. upptalningu í III. kafla samkomulags þessa.

3. gr.

Íslenska ríkið afhendir eignirnar til fullra yferráða eins og þær eru nú ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem þeim fylgja með þeim takmörkunum sem nánar greinir í samkomulagi þessu. Þjóðkirkjan tekur við eignunum ásamt réttindum, skyldum og/eða kvöðum frá sama tíma.

4. gr.

Samkomulag þetta felur í sér, auk afhendingar tiltekinna eigna til Þjóðkirkjunnar, að íslenska ríkið hækkar árlegt framlag sitt til Kirkjumálasjóðs sem nemur 3,0% af því gjaldi sem árlega er greitt til sjóðsins þannig að gjald í Kirkjumálasjóð verði 14,3% frá 1. janúar 2007. Samhliða umræddri hækkun munu framlög samkvæmt eftirfarandi viðfangsefnum undir fjárlagaliðnum 06-701 *Þjóðkirkjan* falla brott frá og með fjárlögum 2007: 1.12, 1.15, 1.16 og 1.91.

5. gr.

Með eignaafhendingu og uppgjöri samkvæmt samkomulagi þessu á sér stað fullnaðaruppgjör vegna allra prestssetra og prestssetursjarða.

Uppgjör þetta tekur einnig til ákvarðana stjórnvalda um stofnun, flutning, viðhald eða breytingar á prestssetrum sem teknar voru áður en umsýsla prestssetra fluttist til Prestssetrasjóðs og höfðu eða kunna að hafa í för með sér fjárskuldbindingar fyrir sjóðinn.

Samkomulag er með aðilum um að í uppgjöri þessu felist einnig að bættur hafi verið sá umsýslu- og stjórnunarkostnaður sem Prestssetrasjóður hefur haft af rekstri sjóðsins eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hætti að kosta umsýslu með honum.

Sama gildir um þann lögfræði- og málskostnað sem Þjóðkirkjan kann að bera í framtíðinni við að leiða nánar í ljós réttindi eða skyldur sem tengjast umræddum jörðum.

6. gr.

Með samkomulagi þessu eru ekki afhentar aðrar eignir en þær sem nú eru á forræði Prestssetrasjóðs. Hjáleigur prestssetursjarða, nýbýli, lóðir og jarðarhlutar sem skipt hefur verið úr hinum afhentu jörðum ganga ekki til Þjóðkirkjunnar né andvirði fyrir sölu þeirra nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi þessu, sbr. III. Kafli.

Önnur prestssetur, ásamt því sem þeim fylgdi og aðrar eignir og skuldbindingar ríkisins vegna prestssetra, teljast með kirkjueignum, sem afhentar voru með kirkjujarðasamkomulaginu frá 10.1.1997. Jörðin Þingvellir er þar meðtalin og skal hún vera eign íslenska ríkisins. Kirkjan þar er eign íslenska ríkisins, sem sér um búnað hennar og viðhald, ásamt því að veita starfsaðstöðu fyrir sóknarprest í tengslum við kirkjuathafnir.

7. gr.

Prestssetursjarðir, sem afhentar eru, miða við landamerki jarða eins og þau eru talin vera í dag og er Þjóðkirkjunni kunnugt um að niðurstöður Óbyggðanefndar og/eða dómstóla skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, kunna að breyta þeim landamerkjum.

Séu á umræddum jörðum byggingar eða aðrar eignir sem ekki hafa verið í eigu eða umsjá Prestssetrasjóðs fyrir samkomulag þetta, s.s. skólabyggingar, íbúðarhús eða önnur mannvirki, skal Þjóðkirkjan útmæla slíkum mannvirkjum hæfilega lóð og gera lóðarsamning við eiganda eða umsjónaraðila mannvirkisins.

Þjóðkirkjan tekur við eignunum að öðru leyti í því ástandi, sem þær eru í, við undirritun samkomulags þessa og sættir sig við að fullu.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um efni eða túlkun samkomulagsins milli aðila þess, t.d. varðandi eignir, landamerki, hlunnindi eða ítök einstakra prestssetursjarða, og skal þá þriggja manna gerðardómur útkljá slík deilumál, enda verði gerðardómsmál höfðað fyrir árslok 2010.

Gerðardómurinn skal skipaður einum fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðuneytinu, einum tilnefndum af Þjóðkirkjunni og einum skipuðum af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um gerðardóm þennan og um skiptingu málskostnaðar fyrir honum fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 53/1989, um sammingsbundna gerðardóma.

Sé ágreiningur þess eðlis að hann varði eignir, hlunnindi, ábúð, ítök, landamerki o.fl. sem snúi að öðrum en ríkisaðilum, eða gerðardómsmál skv. 1. mgr. 8. gr. og mál hefur ekki verið höfðað fyrir árslok 2010, fer um úrlausn þess samkvæmt almennum reglum.

9. gr.

Þjóðkirkjunni er kunnugt um að í einhverjum tilvikum kann að skorta eignarheimildir fyrir eignunum.

Lög um breytingar á lögum nr. 137/1993, um prestssetur, ásamt samkomulagi þessu skulu teljast fullnægjandi eignarheimild til að unnt verði að skrá prestssetrin og fá þeim þinglýst sem eign Þjóðkirkjunnar. Rísi vafi hjá þinglýsingarstjóra um skráningu í eigna- og veðmálabækur, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið útbúa sérstaka yfirlýsingu er skapi eignarheimild Þjóðkirkjunnar að tilteknu prestssetri.

10. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Kirkjupings svo og um samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um prestssetur nr. 137/1993.

II. Kafli

Hér að neðan eru tilgreindar þær eignir, prestssetursjarðir eða prestsbústaðir sem afhentar verða Þjóðkirkjunni til yferráða frá 1. janúar 2007.

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.0	Abm. HZ
Innk.: 21 FEB. 2006	
DKM 02030129	

**Íslenska ríkið og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um prestssetrin og það sem þeim fylgir**

1. gr.

Prestssetur og það sem þeim fylgir, sem prestssetrasjóður tók við eignavörslu á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 1. janúar 1994, með áorðnum breytingum, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal, færast með þessu samkomulagi á forræði Þjóðkirkjunnar/biskups Íslands í forsjá kirkjuþings og prestssetrasjóðs.

2. gr.

Önnur prestssetur ásamt því sem þeim fylgdi og aðrar eignir og skuldbindingar ríkisins vegna prestssetra, teljast með kirkjueignum, sem afhentar voru, sbr. 1. gr. kirkjujarðasamkomulagsins frá 10.1.1997.

3. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig, á grundvelli 2. gr. að hækka framlag ríkissjóðs til kirkjumálasjóðs um 4 % af því gjaldi, sem greitt hefur verið til kirkjumálasjóðs.

4. gr.

Samhliða þessu samkomulagi falli niður greiðslur í almennum rekstri til Þjóðkirkjunnar á fjárlögum aðrar en þær sem merktar eru biskupi Íslans í tölulíð 1.01.

5. gr.

Með þessu samkomulagi og skuldbindingum verði fullnaðaruppgjör milli ríkisins og Þjóðkirkjunnar á kirkjujörðum og prestssetrunum með því sem þeim fylgdi, allt frá 1907.

6. gr.

Samkomulag þetta skoðast sem viðauki við staðfest kirkjujarðasamkomulag frá 10. janúar 1997 og jafnframt einnig viðauki við fjársamning Íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 og gert með fyrirvara um samþykki Kirkjuþings og Alþingis á fjárframlögum frá og með fjárlögum 2007.

Reykjavík _____

Biskup Íslands

Dóms- og kirkjumálaráðherra

Fjármálaráðherra

Ráða. afh.
Lismit
21/11 '05.



ÞJÓÐKIRKJAN

Reykjavík, 16. nóvember 2005

Dóms- og kirkjumálaráðherra
Fjármálaráðherra

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.0	Ábm. HZ
Innk.: 18 NOV. 2005	
DKM 02030129	

Hæstvirtir dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra

Í nefndarátliti allsherjarnefndar Kirkjubings 2005 við skýrslu Kirkjuráðs til þingsins, segir m.a.:


Allsherjarnefnd telur eðlilegt að skoða stöðu þeirra safnaða sem ekki njóta fjárstuðnings úr opinberum sjóðum, umfram sóknargjöld. Nefndin telur rétt að allir skráðir söfnuðir njóti jafnræðis í þessum efnum.

Af því tilefni samþykkti Kirkjuráð á fundi sínum þann 9. nóvember sl. eftirfarandi ályktun:

"Kirkjuráð álfur að grundvöllur sjóða kirkjunnar séu annars vegar kirkjueignir og hins vegar viðurkenning hins opinbera á sérstökum skyldum Þjóðkirkjunnar umfram önnur trúfélög. Þetta byggir á lögum og ekki síst kirkjujarðasamningi frá 1997. Í ljósi umræðunnar um fjárhagslegt jafnræði og til að stuðla að sátt um stöðu trúfélaga í landinu hvetur Kirkjuráð stjórnvöld til að ljúka viðræðum um prestssetur og skoða um leið hvort unnt sé að veita öðrum skráðum trúfélögum viðbótarframlag sambærilegt við það sem veitt er til Kirkjumálasjóðs, að teknu tilliti til hlutverks sjóðsins."

Ályktun þessi er hér með send hæstvirtum dóms- og kirkjumálaráðherra og fjármálaráðherra.

Virðingarfyllst, f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs



Reykjavík, 16. nóvember 2005

Dóms- og kirkjumálaráðherra

Hæstvirtur dóms- og kirkjumálaráðherra


Á fundi sínum þann 9. nóvember sl. samþykkti Kirkjuráð að beina þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra að breyta reglugerð um Jöfnunarsjóð sókna nr. 206/1991, sbr. reglugerð um breyting á þeirri reglugerð nr. 81/1999, sem hér segir: Í stað orðanna "10. nóvember" í 1. ml. 1. mgr. 4. gr. komi: 15. júní

Þá samþykkti Kirkjuráð sömuleiðis að beina þeim tilmælum til dóms- og kirkjumálaráðherra að breyta reglugerð um ábyrgðir Jöfnunarsjóðs sókna nr. 865/2001 á þann veg að að hafi Kirkjuráð veitt ábyrgð, nægi að forseti Kirkjuráðs undirriti yfirlýsingu þar að lútandi, en ekki að yfirlýsing um ábyrgð skuli vera undirrituð af öllum kirkjuráðsmönnum eins og nú er., sbr. 2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar.

Virðingarfyllst, f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.0	Ábm. 47
Innk.: 21 MAÍ 2004	
DKM 02030129	



ÞJÓÐKIRKJAN

Landbúnaðarráðherra
Guðni Ágústsson
Landbúnaðarráðuneytinu
Sölvhólsgötu 7
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. maí 2004

Málefni: Mótmæli við yfirlýsingum landbúnaðarráðherra um eignarrétt og um sölu kirkjueigna

Virðulegi landbúnaðarráðherra

Eins og yður er kunnugt hafa Þjóðkirkjan og ríkisvaldið staðið í samningaviðræðum um kirkjueignir í um 20 ár, en viðræðurnar voru teknar upp í framhaldi af álitserð kirkjueignanefndar frá 1984. Samningar tókust um kirkjujarðirnar 1997 og er efni þess samnings tekið upp í lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Prestssetrum og það sem þeim fylgir var haldið fyrir utan þann samning enda var gerður sérstakur áskilnaður um þau með setningu laga um prestssetur nr. 137/1993, sem tóku gildi 1. janúar 1994.

Þjóðkirkjan og ríkið hafa síðan haldið samningaviðræðum áfram um prestssetrin og það sem þeim fylgir en samningar hafa ekki tekist. Þjóðkirkjan lítur svo á og hefur á því byggt í samningaviðræðunum að prestssetrin tilheyri Þjóðkirkjunni en ekki ríkisvaldinu, enda hafa alltaf gilt sérstakar reglur um málsmeðferð við sölu prestssetra og tilheyrandi eigna. Andvirðið hefur jafnan runnið til þarfa Þjóðkirkjunnar. Því hefur sölu prestssetra án samþykkis Þjóðkirkjunnar verið mótmælt hverju sinni. Enn fremur hefur Þjóðkirkjan byggt á þeim skilningi að hjáleigur prestssetursjarða séu hluti af prestssetrunum í skilningi samningsins frá 1997 svo og 62. gr. þjóðkirkjulaganna frá 1997 þar sem hjáleigur voru alltaf álitnar óaðskiljanlegur hluti prestssetursjarðanna. Þrátt fyrir þetta hafa prestssetur eða hlutar af prestssetrum verið seld einhliða og margfreakað án samþykkis Þjóðkirkjunnar. Meðfylgjandi er listi yfir þær eignir sem um er að ræða eftir 1. janúar 1997, þ.e. eignir sem Þjóðkirkjunni er kunnugt um í dag. Hugsanlega er um fleiri eignir að ræða. Prestssetrasjóður hefur mótmælt sölum prestssetra formlega og þinglýst mótmælunum. Nú liggur fyrir, samkvæmt ákvörðun yðar, nýleg sala á Kolfreyju sem er hluti af prestssetursjörðinni Kolfreyjustað í Austfjarðaprófastsdæmi. Í gögnum þess máls er m.a. að finna bréf yðar, dags. 18. september 2003, en þar er m.a. óskað eftir *“að fært verði inn á þinglýsingarvottorð jarðarinnar Kolfreyju að eigandi jarðarinnar sé fjársýsla ríkisins”*.

Í frumvarpi landbúnaðarráðherra að jarðalögum, sem nú er fyrir Alþingi og er til meðferðar hjá landbúnaðarnefnd þingsins, þegar þetta er ritað, segir eftirfarandi: *“Ríkisjörðum hefur verið skipt í þjóðjarðir og kirkjujarðir en meðal þeirra eru enn fremur starfandi prestssetur”*.

Í bréfi Landbúnaðarráðuneytisins til Prestssetrasjóðs frá 21. júní 2001, þar sem vísað er til erindis Prestssetranefndar (sem þá fór með samningsumboð Þjóðkirkjunnar), eru taldar upp prestssetursjarðir og hjáleigur og nýbýli þeirra, ásamt því hvaða ráðuneyti fari með forræði þeirra. Í niðurlagi þessa bréfs segir orðrétt: *“Að lokum skal áréttað að allar framangreindar jarðir sem ekki hafa verið seldar einstaklingum eða lögaðilum eru eign íslenska ríkisins en ekki annarra aðila.”* Niðurlagi þessa bréfs var mótmælt á fundi með yður af formanni

stjórnar prestssetrasjóðs Bjarna Grímssyni og fulltrúa samninganefndar kirkjunnar, sr. Halldóri Gunnarssyni.

Telja verður mjög undarlegt að landbúnaðarráðherra skuli taka af skarið með þessum hætti meðan ríkisvaldið hefur jafnframt falið samninganefnd að ræða við Þjóðkirkjuna um málið. Að mati Þjóðkirkjunnar hefði það átt að koma frá samninganefnd ríkisins sem með formlegu erindi hefði gert Þjóðkirkjunni grein fyrir þeirri afstöðu ríkisins að prestssetrin og það sem þeim fylgir séu ríkiseignir. Meðan samninganefndin hefur ekki gert það, sbr. síðasta samningstexta samninganefnda, er naumast unnt að líta svo á að um formlega afstöðu ríkisvaldsins sé að ræða. Landbúnaðarráðherra virðist því hafa tekið ráðin af viðræðunefnd ríkisins að þessu leyti og í raun einnig af fjármálaráðherra og dóms- og kirkjumálaráðherra.

Eðlilegt er að ríkisvaldið sýni Þjóðkirkjunni þá lágmarkskurteisi að tilkynna formlega og fyrirfram um svo þýðingarmiklar yfirlýsingar sem ofangreindar yfirlýsingar um meint eignarréttindi ríkisins fela í sér.

Minnt er á að Kirkjuráð lagði í fyrra fram tillögu (*samkomulag um málsmeðferð við sölu jarða og jarðarhluta úr landi prestssetra*) að lausn á þeim vanda sem blasir við ábúendum á jörðum eða landi sem er hluti prestsseturs, að geta ekki keypt vegna ólokinna samninga kirkju og ríkis. Þetta var m.a. hugsað til að liðka fyrir og afstýra því að dráttur á niðurstöðu samningaviðræðna bitni á saklausu fólki. Tillagan átti ekki að fela neitt annað í sér. Þeirri tillögu hefur landbúnaðarráðherra ekki enn svarað.

Af þessu tilefni óskar Kirkjuráð og stjórn Prestssetrasjóðs að koma eftirfarandi á framfæri:

Kirkjuráð og stjórn Prestssetrasjóðs mótmæla yfirlýsingum landbúnaðarráðherra um eignarréttindi ríkisins yfir kirkjueignum og einnig því að hann sniðgangi algerlega viðræðunefndir ríkis og kirkju í því sambandi. Bent er á að prestssetur eru ekki hluti kirkjujarða heldur gilda um þau sérstök lög og sjónarmið.


Kirkjuráð og stjórn Prestssetrasjóðs mótmæla hér með allri sölu landbúnaðarráðherra á eignum kirkjunnar þ.e. prestssetra og jarða eða jarðahluta úr prestssetrum, sbr. meðfylgjandi lista, og mælist til þess að hún verði stöðvuð með öllu að svo stöddu.

Kirkjuráð og stjórn Prestssetrasjóðs sjá sig knúna til í ljósi framgöngu landbúnaðarráðherra í málum þessum að lýsa því yfir að áskilinn er réttur til að krefjast lögbanns við frekari sölu landbúnaðarráðherra á eignum kirkjunnar ef til þeirra kemur.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson lögr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs

Virðingarfyllst f.h. Prestssetrasjóðs


Höskuldur Sveinsson
Framkvæmdastjóri Prestssetrasjóðs

Afrit:

Dóms- og kirkjumálaráðherra
Fjármálaráðherra
Forseti Kirkjubings
Forsætisráðherra
Formaður landbúnaðarnefndar Alþingis

Sala prestssetra og hjáleigna þeirra frá 10.1. 1997

Rannveigarstaðir í Djúpavogshreppi, N-Múl.

Hóll í Fljótsdalshreppi, N-Múl.

Sauðhagi I og II á Austur-Héraði, S-Múl.

½ Efsta-Kot í V-Eyjafjallahreppi, Rang.

Árnagerði í Fljótshlíðarhreppi, Rang.

Staðarbakki í Fljótshlíðarhreppi, Rang.

Lambey í Fljótshlíðarhreppi, Rang.

Seljabrekka í Mosfellsbæ, Kjós

Traðir með Traðabúð í Staðarsveit, Snæf.

Lambastaðir í Hraungerðishreppi, Árn.

Skeggjastaðir í Hraungerðishreppi, Árn.

Bollastaðir í Hraungerðishreppi, Árn.

Breiðabólsstaður á Skógaströnd, Dal.

Kolfreyja í Fáskrúðsfirði, Suður-Múlasýslu.

l.v.m

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.0	Áhr. HZ
17 MAR 2004	
02030129	

LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgrata 7, 150 Reykjavík
Sími: 545 9750, bréfasími: 552 1160



Björn Bjarnason
dóms- og kirkjumálaráðherra
Arnarhváli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. mars 2004
Tilvísun: LAN04020185/770
SB/--

Sú vinnuregla hefur viðgengist í landbúnaðarráðuneytinu undanfarin ár, að þegar óskir ábúenda um kaup jarða skv. 38. gr. jarðalaga nr. 65/1976 með síðari breytingum, hafa borist, þá hefur stjórn prestssetrasjóðs fengið málið til kynningar, þ.e. ef um er að ræða jarðir þar sem staðsett er kirkja eða ef ástæða hefur þótt til að ætla að þjóðkirkjan teldi sig hafa hagsmuna að gæta. Upphaflega var þessi vinnuregla tekin upp til að fyrirbyggja eftirmál, t.d. vegna afmörkunar umhverfis kirkju og/eða kirkjugarð, umferðarréttar að kirkju o.þ.h. Stjórn prestssetrasjóðs hefur yfirleitt svarað þessum bréfum þannig, að lagst hefur verið gegn sölu og vitnað til þess að í gangi séu viðræður um afhendingu prestssetra til þjóðkirkjunnar.

Á fundi landbúnaðarráðherra með þáverandi dóms- og kirkjumálaráðherra árið 2002 var ákveðið að virða tilmæli prestssetrasjóðs í ljósi þáverandi stöðu fyrrgreindra viðræðna og því hefur landbúnaðarráðuneytið frestað afgreiðslu allmargra mála þar sem ábúendur hafa óskað eftir kaupum. Landbúnaðarráðuneytið telur að ekki sé verjandi að hafa þessi mál í biðstöðu lengur og hefur nú í hyggju að taka afstöðu til þeirra óska um kaup sem liggja fyrir. Mun ráðuneytið leggja til grundvallar meðfylgjandi drög að samkomulagi um prestssetur og afhendingu þeirra til þjóðkirkjunnar, sem tekin voru saman 27.02.'02, sbr. samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar frá 10.01.'97 um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar, sbr. einnig 62. gr. laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar með síðari breytingum.

Í II. kafla ofangreindra samningsdraga eru m.a. tilgreindar þær jarðir sem fyrirhugað er að afhenda þjóðkirkjunni. Þær jarðir sem ekki eru tilgreindar þar hyggst landbúnaðarráðuneytið hins vegar selja ef lög og reglur heimila og fyrir liggja óskir ábúenda eða sveitarfélaga um kaup, eða ef heimild er fyrir sölu á frjálsum markaði.

Guðni Ágústsson
landbúnaðarráðherra

Afrit:
Forsætisráðherra

DRÖG 27.02.2002

Íslenska ríkið og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar:

I. Kafli

1. gr.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem Prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 1. janúar 1994, og þau prestssetur er síðar hafa komið í stað þeirra, sbr. II. kafla samkomulags þessa, skulu vera eign Þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Íslenska ríkið afhendir eignirnar til fullrar eignar og yferráða eins og þær eru nú ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem þeim fylgja með þeim takmörkunum sem nánar greinir í samkomulagi þessu. Þjóðkirkjan tekur við eignunum ásamt réttindum, skyldum og/eða kvöðum frá sama tíma.

3. gr.

Með eignaaafhendingu og uppgjöri samkvæmt samkomulagi þessu á sér stað fullnaðaruppgjör vegna allra hinna afhentu prestssetra og prestssetursjarða. Einnig tekur uppgjör þetta til allra annarra prestssetraog prestssetursjarða hvort sem þau hafa verið lögð niður, seld eða ráðstafað með öðrum hætti og ekki eru meðal þeirra sem afhent eru meðsamkomulagi þessu.

Uppgjör þetta tekur einnig til ákvarðana stjórnvalda um stofnun, flutning, viðhald eða breytingar á prestssetrum sem teknar voru áður en umsýsla prestssetra fluttist til Prestssetrasjóðs og höfðu eða kunna að hafa í för með sér fjárskuldbindingar fyrir sjóðinn.

Samkomulag er með aðilum um að í uppgjöri þessu felist einnig að bættur hafi verið sá umsýslu- og stjórnunarkostnaður sem Prestssetrasjóður hefur haft af rekstri sjóðsins eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hætti að kosta umsýslu með honum.

Sama gildir um þann lögfræði- og málskostnað sem Þjóðkirkjan kann að bera í framtíðinni við að leiða nánar í ljós réttindi eða skyldur sem tengjast umræddum jörðum.

4. gr.

Samkomulag þetta felur í sér auk afhendingar ofangreindra eigna að íslenska ríkið greiði til Þjóðkirkjunnar neðangreinda fjárhæð sem nemur alls og mun koma til greiðslu sem hér segir:

.....

.....

5. gr.

Með samkomulagi þessu eru ekki afhentar aðrar eignir en þær sem nú eru á forræði Prestssetrasjóðs. Hjáleigur prestssetursjarða, nýbýli, lóðir og jarðarhlutar sem skipt hefur verið úr hinum afhentu jörðum ganga ekki til Þjóðkirkjunnar né andvirði fyrir sölu þeirra nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi þessu.

Háhitasvæði og réttur til virkjunar meiriháttar vatnsfalla ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta slík réttindi eru undanskilin í samkomulagi þessu. Þau réttindi eru eign íslenska ríkisins. Önnur réttindi, þ.m.t. vatns- og jarðhitaréttindi fylgja hinum afhentu jörðum.

6. gr.

Umræddar jarðeignir eru afhentar miðað við landamerki jarða eins og þau eru talin vera í dag og er Þjóðkirkjunni kunnugt um að niðurstöður Óbyggðanefndar og/eða dómstóla skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, kunna að breyta þeim landamerkjum.

Séu á umræddum jörðum byggingar eða aðrar eignir sem ekki hafa verið í eigu eða umsjá Prestssetrasjóðs fyrir samkomulag þetta, s.s. skólabyggingar, íbúðarhús eða önnur mannvirki, skal Þjóðkirkjan útmæla slíkum mannvirkjum hæfilega lóð og gera lóðarsamning við eiganda eða umsjónaraðila mannvirkisins.

Þjóðkirkjan tekur við eignunum að öðru leyti í því ástandi sem þær eru í við undirritun samkomulags þessa og sættir sig við að fullu.

7. gr.

Í samkomulagi þessu og uppgjöri hefur verið tekið mið af því að prestssetur er ekki á Egilsstöðum í stað jarðarinnar Vallaness í Suður-Múlasýslu sem ekki er afhent með samkomulagi þessu. Einnig er tekið mið af því að í nokkrum tilvikum hefur prestssetur verið byggt eða keypt í þéttbýli í stað fyrrum prestssetursjarða, sbr. Höfn í Hornafirði, Hvanneyri og Þórshöfn og koma þær húseignir að fullu í stað jarðanna. Einnig hefur verið tekið mið af ákvörðunum um kaup, byggingu eða viðgerðir á prestssetrum sem teknar voru fyrir 01.01.1994, s.s. á Hellissandi, Miklabæ, Mosfelli og Útskálum og hafa haft fjárhagslegar skuldbindingar í för með sér fyrir Prestssetrasjóð.

Jörðin Þingvellir skal vera eign íslenska ríkisins.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um efnieða túlkun samkomulagsins milli aðila þess, t.d. varðandi eignir, landamerki, hlunnindi eða ítök einstakra prestssetursjarða, og skal þá þriggja manna gerðardómur útkljá slík deilumál, enda verði gerðardómsmál höfðað fyrir árslok 2004.

Gerðardómurinn skal skipaður einum fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðuneytinu, einum tilnefndum af Þjóðkirkjunni og einum skipuðum af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um gerðardóm þennan og um skiptingu málskostnaðar fyrir honum fer að

öðru leyti samkvæmt lögum nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma.

Sé ágreiningur þess eðlis að hann varði eignir, hlunnindi, ábúð, ítök, landamerki o.fl. sem snúi að öðrum en ríkisaðilum, eða gerðardómsmál skv. 1. mgr. 8. gr. hefur ekki verið höfðað fyrir árslok 2004, fer um úrlausn hans samkvæmt almennum reglum.

9. gr.

Þjóðkirkjunni er kunnugt um að í einhverjum tilvikum kann að skorta eignarheimildir fyrir eignunum.

Lög um breytingar á lögum nr. 137/1993, um prestssetur, ásamt samkomulagi þessu skulu teljast fullnægjandi eignarheimild til að unnt verði að skrá prestssetrin og fá þeim þinglýst sem eign Þjóðkirkjunnar. Rísi vafi hjá þinglýsingarstjóra um skráningu í eigna- og veðmálabækur skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið útbúa sérstaka yfirlýsingu er skapi eignarheimild Þjóðkirkjunnar að tilteknu prestssetri.

10. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Kirkjubings svo og um samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um prestssetur nr. 137/1993.

II. Kafli

Hér að neðan eru tilgreindar þær eignir, prestssetursjarðir eða prestsbústaðir sem afhentar eru Þjóðkirkjunni til fullrar eignar og yfirráða frá xxxxxxxx.

	Ath	Skráð eign
Múlaprófastsdæmi fj. 6		
Skeggjastaðir	-	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Hof		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Valþjófsstaður		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Eiðar	1)	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar
Seyðisfjörður, Öldugata 2		Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar
Desjamýri	2)	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Austfjarðarprófastsdæmi fj. 5		
Neskaupsstaður, Blómsturvellir 35	-	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar
Eskifjörður, Hátún 13	3)	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar
Kolfreyjustaður		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Heydalir		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Djúpivogur, Steinar		Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar
Skafafellsprófastsdæmi fj. 5		
Höfn, Hlíðartún 18	-	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar
Kálfafellsstaður		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Kirkjubæjarklaustur		Íbúðarhús með lóð gangi til Þjóðkirkjunnar
Ásar		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Vík í Mýrdal, Ránarbraut 7		Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar
Rangárvallaprófastsdæmi fj. 5		
Holt, V-Eyjafjallahreppi		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Bergþórshvoll		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Breiðabólstaður		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Oddi, Rangárvöllum		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Fellsmúli		Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar
Árnesprófastsdæmi fj. 7		
Hruni	-	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar

Tröð, Gnúpverjahreppi Skálholt Mosfell, Grímsnesi Eyrarbakki, Túngata 20 Hveragerði, Brattahlíð 5 Þorlákshöfn, Háaleiti	4)	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús og lóð gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Þjóðkirkja Íslands Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður
<u>Kjalarnesprófastsdæmi fj. 6</u> Grindavík, Ránargata 1 Útskálar, Garði Mosfell í Mosfellssveit Reynivellir í Kjós Vestmannaeyjar, Hólagata 42 Vestmannaeyjar, Smáragata 6	-	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús með lóð gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhúsgangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Prestssetrasjóður
<u>Borgarfjarðarprófastsdæmi fj. 6</u> Saurbær Akranes, Laugarbraut 3 Staðarhóll, Hvanneyri, Reykholt, Borgarfirði Stafholt Borg á Mýrum	- 5) 6)	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús og lóð gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður
<u>Snæfellsnes-og Dalaprófastsd. fj. 7</u> Staðarstaður, Staðarsveit Hellissandur, Laufás 2 Ólafsvík, Lindarholt 8 Grundarfjörður, Eyrarvegur 26 Stykkishólmur, Lágholt 9 Búðardalur, Sunnubraut 12 Hvoll, Saurbæjarhreppi	- 7)	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús með lóð gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús með lóð gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Prestssetrasjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður
<u>Barðastrandarprófastsdæmi fj. 4</u> Reykholar, Barðaströnd Patreksfjörður, Aðalstræti 57 Tálknafjörður, Túngata 28 Bíldudalur, Bakkatún	- 8)	Íbúðarhús með lóð gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður
<u>Ísafjarðarprófastsdæmi fj. 6</u> Þingeyri, Aðalstræti 40 Holt í Önundarfirði Suðureyri, Túngata 6 Bolungarvík, Völusteinsstræti 16 Ísafjörður, Miðtún 12 Vatnsfjörður	-	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Prestssetrasjóður Ríkissjóður Ríkissjóður
<u>Húnavatnsprófastsdæmi fj. 9</u> Arnes I, Arneshreppi Hólmavík, Kópnesbraut 17 Prestsbakki Melstaður Hvammstangi, Hvammstangabraut 21 Blönduós, Hlíðarbraut 20 Skagatrönd, Hólabraut 30 Skagatrönd, Hólabraut 1 Bólstaður	-	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús með lóð gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Prestssetrasjóður Prestssetrasjóður Ríkissjóður Ríkissjóður
<u>Skagafjarðarprófastsdæmi fj. 7</u> Sauðárkrúkur, Víðihlíð 8 Glaumbær Mælifell Miklibær Hólar í Hjaltadal Hofsós, Kirkjugata 13 Siglufjörður, Hvanneyrarbraut 45	-	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús og lóð gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús og bílgeymsla gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Ríkissjóður Prestssetrasjóður Ríkissjóður
<u>Eyjafjarðarprófastsdæmi fj. 5</u> Ólafsfjörður, Hlíðarvegur 42 Dalvík, Dalbraut 2 Hrísey, Austurvegur 9	-	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar Íbúðarhús og bílgeymsla gangi til Þjóðkirkjunnar	Prestssetrasjóður Prestssetrasjóður Ríkissjóður

Möðruvellir I, Hörgárdal Syðra-Laugaland	9) Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður Ríkissjóður
<u>Þingeyjarprófastsdæmi fj. 8</u>		
Laufás	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Háls í Fnjóskadal	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Skútustaðir	Íbúðarhús og lóð gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Grenjaðarstaður	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Húsavík, Ketilsbraut 20	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar	Prestssetrasjóður
Skinnastaður	Jörðin gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Raufarhöfn, Tjarnarholt 4	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Þórshöfn, Sunnuvegur 6	Íbúðarhús gangi til Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Alls fjöldi eigna. 86

- 1) Réttindi yfir ca. 5 ha. landspildu í samræmi við samning ríkissjóðs við Austur-Hérað, dags. 22.02.2001.
- 2) Jörðin er nú leigð til ábúðar. Þjóðkirkjan tekur við öllum réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt ábúðarsamningi.
- 3) Prestssetrið á Hólum í Reyðarfirði var flutt á Eskifjörð og jörðin leigð til ábúðar. Undanskilin voru ákveðin hlunnindi og ítök sem tilheyra áttu embætti Eskifjarðarprests. Ríkissjóður hefur selt hluta jarðarinnar til Eskifjarðarhrepps, en talið er að hlunnindin hafi verið undanskilin sölunni. Gengið verður formlega frá því að embættinu verði heimil nýting þeirra í framtíðinni, enda hafi ríkissjóður ekki afsalað þeim eða ráðstafað þeim með öðrum hætti.
- 4) Skipti urðu á landi og er 50 ha. spilda úr landi Réttarholts í umráðum ábúanda Traða. Gengið verður formlega frá eignarhaldi landspildunnar í samræmi við þá samninga sem gerðir voru.
- 5) Prestssetrið er í landi Hvanneyrar og var flutt þangað um miðja síðustu öld. Gengið verður frá skýrri eignarheimild og afmörkun lóðar prestssetursins.
- 6) Vísað er til sammings milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis um skipan mála í Reykholti í Borgarfirði, dags. 7. júlí 1987.
- 7) Ágreiningur hefur verið milli Prestssetrasjóðs og eiganda jarðarinnar Traða sem seld var 1998. Gert er ráð fyrir því að Þjóðkirkjan sjái sjálfur um lausn ágreiningsins gagnvart eigendum jarðarinnar, en tekið hefur verið tillits til kostnaðarins í samkomulagi þessu.
- 8) Ganga þarf formlega frá afmörkun þeirrarlóðar sem prestssetrið hefur hingað til haft yfir að ráða.
- 9) Leyst verður úr ágreiningi um jarðhita- og landsréttindi vegna Syðra-Laugalands fyrir gerðardómi í samræmi við fyrra samkomulag.

III. kafli

Í 5. gr. samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar, frá 10. janúar 1997, um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar, segir að prestssetrin og það sem þeim fylgi séu undanskilin samkomulaginu. Í ákvæðinu kemur fram að fjallað verði síðar um eignarréttarstöðu prestssetrana.

Með undirritun samkomulags þessa hefur þeirri umfjöllun að fullu verið lokið milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar og lýsa sammingsaðilar því yfir að sú eignaafhendning og greiðsla sem á sér stað með samkomulagi þessu sé fullnaðaruppgjör milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar vegna allra prestssetra og hvorugur aðili eigi kröfu á hendur hinum vegna þeirra.

Reykjavík xxxx 2001

LJÓSRIT

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.0	Ábm. HZ
Innk.: 21 FEB. 2006	
DKM 02030129	

Íslenska ríkið og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi samkomulag um prestssetrin og það sem þeim fylgir

1. gr.

Prestssetur og það sem þeim fylgir, sem prestssetrasjóður tók við eignavörslu á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 1. janúar 1994, með áorðnum breytingum, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal, færist með þessu samkomulagi á forræði Þjóðkirkjunnar/biskups Íslands í forsjá kirkjupings og prestssetrasjóðs.

2. gr.

Önnur prestssetur ásamt því sem þeim fylgdi og aðrar eignir og skuldbindingar ríkisins vegna prestssetra, teljast með kirkjueignum, sem afhentar voru, sbr. 1.gr. kirkjujarðasamkomulagsins frá 10.1.1997.

3. gr.

Íslenska ríkið skuldbindur sig, á grundvelli 2. gr. að hækka framlag ríkissjóðs til kirkjumálasjóðs um 4 % af því gjaldi, sem greitt hefur verið til kirkjumálasjóðs.

4. gr.

Samhliða þessu samkomulagi falli niður greiðslur í almennum rekstri til Þjóðkirkjunnar á fjárlögum aðrar en þær sem merktar eru biskupi Íslands í tölulíð 1.01.

5. gr.

Með þessu samkomulagi og skuldbindingum verði fullnaðaruppgjör milli ríkisins og Þjóðkirkjunnar á kirkjujörðum og prestssetrunum með því sem þeim fylgdi, allt frá 1907.

6. gr.

Samkomulag þetta skoðast sem viðauki við staðfest kirkjujarðasamkomulag frá 10. janúar 1997 og jafnframt einnig viðauki við fjársamning íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 og gert með fyrirvara um samþykki Kirkjupings og Alþingis á fjárframlögum frá óg með fjárlögum 2007.

Reykjavík _____

Biskup Íslands

Dóms- og kirkjumálaráðherra

Fjármálaráðherra



DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Eggert Óskarsson, lögfræðingur,
Héraðsdómi Reykjavíkur
Dómhúsinu við Lækjartorg
101 REYKJAVÍK

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
netfang: postur@dkm.stjr.is
veffang: <http://domsmalaraduneyti.is>

Reykjavík, 28. mars 2003

Tilvísun: DKM02030129/825.0/HZ/--

Eftir fund með yður í ráðuneytinu í dag varðandi gagnaöflun af yðar hálfu í tilefni af gerðardómsmeðferð ágreinings sem uppi er um eignarhald o.fl. varðandi prestssetrið/prestssetursjörðina Syðra-Laugaland í Eyjarfjarðarsýslu, vill ráðuneytið taka fram eftirfarandi:

1. Bæði í lögum nr. 35/1970 og lögum nr. 62/1990 um skipan prestakalla o.fl. er tekið fram varðandi Laugalandsprestakall í Eyjafirði, að þar sé prestssetrið: **Laugaland/Syðra-Laugaland**. Sjá meðfylgjandi gögn.
2. Varðandi bréf menntamálaráðuneytisins, dags. 22. september 1997 til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, þar sem stungið er upp á viðræðum um málefni Laugalands, sendist meðfylgjandi ljósrít svarbréfs dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 22. október 1997. Frekari bréfaskipti urðu ekki í málinu.
3. Meðfylgjandi sendist Álitsgerð kirkjueignanefndar, útg. 1984, fyrri hluti. Einnig er ljósrít úr síðari hluta, II. skrár, þar sem skráning er um eignarhald á Syðra-Laugalandi. Unnt er að láta yður í té þessa skrá ef þörf krefur.
4. Meðfylgjandi sendast drög að samkomulagi, sem íslenska ríkið gerði þjóðkirkjunni í viðræðum um prestssetur og afhendingu þeirra til þjóðkirkjunnar, dags. 26.02.2002. Þjóðkirkjan gekk ekki að þessu samkomulagi og enn hefur ekki verið gengið frá yfirfærslu prestssetra og prestssetursjarða til þjóðkirkjunnar.
Í þessum drögum er Syðra-Laugaland talið meðal prestssetra, en þar er sú athugasemd

gerð að ágreiningur sé um jarðhita- og landsréttindi, sem sé fyrir gerðadómi í samræmi við fyrra samkomulag.

F. h. r.

Hjalti Zóphóníasson

Hjalti Zóphóníasson

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.0	Abm. HZ
Innk.: 23 AGU, 2002	
DKM 02030129	



ÞJÓÐKIRKJAN

Reykjavík, 21. ágúst 2002.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið
Björn Friðfinnsson, ráðuneytisstjóri
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Á fundi prestssetranefndar í dag var rætt um þá afstöðu viðræðunefndar dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og fjármálaráðuneytisins að vilja ekki halda viðræðufund um prestssetrin fyrr en hún hefði fengið í hendur þær upplýsingar, sem stjórn Prestssetrasjóðs hefur verið að afla um þinglýstar eignir prestssetra, sem nú eru í umsjón Prestssetrasjóðs, eins og þær voru árið 1907, þegar íslenska ríkið tók að sér vörslu þeirra.

Prestssetranefnd tekur undir það viðhorf ráðuneytanna, að það er mikilvægt að gera sér sem besta grein fyrir því, um hvaða eignir er þar að ræða og hvaða verðmætum ríkinu ber því að standa skil á við þau tímamót, þegar þeirri vörslu er að ljúka. Afrit þeirra þinglýstu gagna, sem tekist hefur að afla, fylgja því hér með, þó að flestar þær upplýsingar, sem þar eru, og reyndar einnig margar aðrar ítarlegri hafi komið áður fram, m.a. í fylgiskjali 7 í greinargerð prestssetranefndar frá 2001.

Engu að síður er seinangangur viðræðnanna prestssetranefnd mikið áhyggjuefni og leggur hún þunga áherslu á, að næstu vikur verði tafarlaust notaðar vel til viðræðna um önnur grundvallaratriði, sem koma fram og liggja að baki beyttum drögum að samningi, sem nefndin lagði fram á fundi viðræðunefndanna 17. apríl s.l.

Það mun tvímælalaust valda ófyrirsjáanlegum og umtalsverðum erfiðleikum, ef ekki verða komnar skýrar línur í þessar viðræður áður en Kirkjuþing kemur saman til fundar í október n.k.

Prestssetranefnd beinir því þeim eindregnu tilmælum til viðræðunefndar ráðuneytanna að boða til fundar sem allra fyrst, þar sem gerð verði markviss áætlun um framgang viðræðnanna.

F.h. Prestssetranefndar


Jón Helgason, formaður.



km

FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Amarhvoli 150 Reykjavík

kennitala: 550169 - 2829

sími: 560 9200 bréfasími: 562 8280

netfang: postur@fjr.stir.is	
DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
veffang: http://www.stir.is/fjr	
Bl. 825/0	Abm. HZ
Innk.: 15 MAR 2002	
DKM 02030129	

Reykjavík 14. mars 2002

Tilvísun: FJR01100091/34-8-1/HH/--

Vísað er til bréfs yðar, dags. 12. þ.m., þar sem því er lýst að prestssetranefnd Þjóðkirkjunnar hafi komið saman til fundar ásamt biskupssritara og framkvæmdastjóra Kirkjuráðs til þess að fara yfir og fjalla um drög að samkomulagi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetrin, sem samninganefnd ríkisins lagði fram á fundi hinn 27. febrúar sl. Í bréfinu er því ennfremur lýst að fram hafi komið ósk á fundinum um að samningamenn ríkisins komi á fund prestssetranefndarinnar til þess að útskýra nánar einstök atriði samkomulagsins því mikilvægt sé að skýr og sameiginlegur skilningur fái um efni samkomulagsins.

Samninganefnd ríkisins telur að með framlagning umræddra draga að samkomulagi, ásamt viðræðum er áttu sér stað við sama tækifæri, hafi verið lagðar fram hugmyndir að ákveðinni lausn á málefnum prestssetrana sem byggja á forsendum sem skýrlega eru tilgreindar í drögunum. Samninganefndin telur með hliðsjón af því eðlilegt og rökrétt framhald í samningaferlinu að samninganefnd Þjóðkirkjunnar taki afstöðu til þeirra hugmynda sem þar komi fram og leggi á næsta fundi samninganefndanna fram skriflegar tillögur eða athugasemdir við drögin í heild, eða eftir atvikum einstakar greinar þeirra. Þá gefst jafnframt færi á að koma að ábendingum eða athugasemdum um þau atriði sem samninganefnd Þjóðkirkjunnar telur að þarfnist túlkunar eða teljist óskýr eða torskilin.

Samninganefndin telur framangreinda leið mun markvissari og betur fallna til að ná því markmiði að fá fram skýran og sameiginlegan skilning á efni samkomulagsins en að samningamenn ríkisins komi á fund prestssetranefndarinnar til þess að útskýra einstök atriði draganna.

F.h.r.

Baldur Guðlaugsson

Hafsteinn S. Hafsteinsson

Afrit: Björn Friðfinnsson, dóms- og kirkjumálaráðuneytið

DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIÐ	
Bl. 825.10	Ábm. H7
Innk.: 12 MAR 2002	
DKM02030129	



ÞJÓÐKIRKJAN

Hr. ráðuneytisstjóri
Björn Friðfinnsson
Dóms-og kirkjumálaráðuneyti
Arnarhváli
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 12. mars 2002

Á fundi prestssetranefndar í dag, þar sem mættir voru nefndarmennirnir Jón Helgason, Bjarni Kr. Grímsson, sr. Geir Waage, sr. Halldór Gunnarsson, Páll Sigurðsson, sr. Sigurður Sigurðarson og sr. Þorbjörn Hlynur Árnason, ásamt Guðmundi Þór Guðmundssyni, framkvæmdastjóra Kirkjuráðs og sr. Þorvaldi Karli Helgasyni biskupsritara, voru rædd drög að samkomulagi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetrin.

Á fundinum var lögð áhersla á, að nauðsynlegt er að fyrir hendi sé skýr sameiginlegur skilningur samninganefnda ríkis og kirkju á efni og grundvelli samkomulagsins.

Af þeim sökum telur prestssetranefnd mikilvægt að fá á fund sinn samningamenn ríkisins til þess að nefndarmönnum öllum gefist kostur á að bera fram fyrirspurnir og fá skýringar á drögunum, áður en nefndin setur fram athugasemdir sínar við þau. Ætti sú tilhögun að geta greitt fyrir áframhaldandi vinnu.

Því fer prestssetranefndin fram á, að fá samningamenn ríkisins á fund sinn þriðjudaginn 19. þ.m. kl. 13.00 á Biskupsstofu. Henti sá tími ekki öllum verði leitað eftir öðrum fundartíma.

Virðingarfyllst,


Jón Helgason

Samrit:
Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri
Fjármálaráðuneyti

TILLAGA

til þingsályktunar um samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetur

Flutt af Kirkjuráði

Frsm. Karl Sigurbjörnsson

Kirkjuþing 2006 samþykkir meðfylgjandi samning íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar.

Greinargerð:

Hér er um að ræða viðauka við samkomulag ríkis og kirkju frá 10. janúar 1997, sem fjallaði um afhendingu kirkjujarða til ríkisins og endurgjald það sem ríkið innir af hendi til Þjóðkirkjunnar á móti. Í því samkomulagi voru prestssetrin undanskilin og kveðið á um að síðar yrði fjallað um stöðu þeirra. Með undirritun samkomulags þess sem hér liggur fyrir er þeirri umfjöllun lokið.

Í samkomulaginu er gengið frá því hvaða prestssetrum Þjóðkirkjan heldur áfram í eigu sinni og hvaða önnur prestssetur færast til ríkisins. Með samkomulaginu er staðfest að þær eignir sem Prestssetrasjóður f.h. Þjóðkirkjunnar tók aftur við frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu 1994 verði áfram eign Þjóðkirkjunnar. Endurgjald ríkisins fyrir önnur prestssetur og aðrar eignir sem ríkið eignast með samkomulagi þessu felst í því að árlegt framlag ríkissjóðs í Kirkjumálasjóð er hækkað um 3%. Samhliða þessu falla brott ýmsir liðir á fjárlögum þar sem veitt hefur verið fé til nokkurra verkefna Þjóðkirkjunnar.

Samkomulag þetta grundvallast á álitserð kirkjueignanefndar frá 1984, og er viðauki við samkomulagið frá 1997 eins og fyrr segir. Auk þess byggir það á lögum um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar nr.78/1997, V. og VI. kafla, svo og samningi íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 1998. Síðastnefndi samningurinn er nánari útfærsla á kirkjujarðasamkomulaginu frá 1997.

Eignamál Þjóðkirkjunnar hafa verið lengi til umfjöllunar, á prestastefnum og á kirkjuþingum, nær árlega frá 1980. Það ár skipaði kirkjumálaráðherra nefnd um málefni sóknarpresta, embættin og prestssetrin. Hún skilaði álit 1984 þar sem fjallað var um prestssetursjarðir og hlunnindin. Seinni hluti álitserðarinnar var skrá um kirkjueignir á Íslandi frá 1597 til 1984 og unnin var af Ólafi Ásgeirssyni, þjóðskjalaverði. Þar er að finna yfirlit um prestssetrin, ásamt með hjáleigum og nýbýlum frá þeim.

Unnið var að samningum milli ríkis og kirkju um framtíðarskipan kirkjueignanna á grundvelli álits hinnar ráðherraskipuðu kirkjueignanefndar. Þann 10.1.1997 var undirritað samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar (kirkjujarðasamkomulagið) um að "kirkjujarðir og aðrar kirkjueignir sem þeim fylgja, að frátöldum prestssetrum og því sem þeim fylgir væru eign íslenska ríkisins" á móti þeirri skuldbindingu að íslenska ríkið greiddi "laun presta Þjóðkirkjunnar og starfsmanna biskupsembættisins" samkvæmt nánari reglum. Fyrirheit voru gefin um að lokið yrði samningum um stöðu prestssetrana

í framhaldinu. Viðræður hafa staðið yfir síðan með hléum. Árið 2002 lagði ríkið fram tilboð sem Kirkjuþing taldi ekki unnt að fallast á.

Á Kirkjuþingi 2005 var samþykkt að fela Kirkjuráði, í samráði við stjórn Prestssetrasjóðs, að vinna að því fram að Kirkjuþingi 2006 að ljúka samningum við ríkisvaldið um málefni prestssetranna. Unnið hefur verið að málinu og hefur meðfylgjandi samkomulag um prestssetur náðst milli ríkisins og kirkjunnar. Gerður er fyrirvari um samþykki Alþingis og Kirkjuþings.

*Íslenska ríkið og Þjóðkirkjan gera með sér eftirfarandi
samkomulag
um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar*

I. Kafli

1. gr.

Prestssetur, þ.e. prestssetursjarðir og prestsbústaðir, sem Prestssetrasjóður tók við yfirstjórn á frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 1. janúar 1994 með síðari skjalfestum afhendingum frá ráðuneytinu, sbr. upptalningu prestssetra í II. kafla samkomulags þessa, er eign Þjóðkirkjunnar.

2. gr.

Prestsbústaðir, hús og aðrar eignir, sem Prestssetrasjóður hefur keypt er eign Þjóðkirkjunnar, sbr. upptalningu í III. kafla samkomulags þessa.

3. gr.

Íslenska ríkið afhendir eignirnar til fullra yfirráða eins og þær eru nú ásamt þeim réttindum, skyldum og/eða kvöðum sem þeim fylgja með þeim taknörkunum sem nánar greinir í samkomulagi þessu. Þjóðkirkjan tekur við eignunum ásamt réttindum, skyldum og/eða kvöðum frá sama tíma.

4. gr.

Samkomulag þetta felur í sér, auk afhendingar tiltekinna eigna til Þjóðkirkjunnar, að íslenska ríkið hækkar árlegt framlag sitt til Kirkjumálasjóðs sem nemur 3,0% af því gjaldi sem árlega er greitt til sjóðsins þannig að gjald í Kirkjumálasjóð verði 14,3% frá 1. janúar 2007. Samhliða umræddri hækkun munu framlög samkvæmt eftirfarandi viðfangsefnum undir fjárlagaliðnum 06-701 *Þjóðkirkjan* falla brott frá og með fjárlögum 2007: 1.12, 1.15, 1.16 og 1.91.

5. gr.

Með eignaafhendingu og uppgjöri samkvæmt samkomulagi þessu á sér stað fullnaðaruppgjör vegna allra prestssetra og prestssetursjarða.

Uppgjör þetta tekur einnig til ákvarðana stjórnvalda um stofnun, flutning, viðhald eða breytingar á prestssetrum sem teknar voru áður en umsýsla prestssetra fluttist til

Prestssetrasjóðs og höfðu eða kunna að hafa í för með sér fjárskuldbindingar fyrir sjóðinn.

Samkomulag er með aðilum um að í uppgjöri þessu felist einnig að bættur hafi verið sá umsýslu- og stjórnunarkostnaður sem Prestssetrasjóður hefur haft af rekstri sjóðsins eftir að dóms- og kirkjumálaráðuneytið hætti að kosta umsýslu með honum.

Sama gildir um þann lögfræði- og málskostnað sem Þjóðkirkjan kann að bera í framtíðinni við að leiða nánar í ljós réttindi eða skyldur sem tengjast umræddum jörðum.

6. gr.

Með samkomulagi þessu eru ekki afhentar aðrar eignir en þær sem nú eru á forræði Prestssetrasjóðs. Hjáleigur prestssetursjarða, nýbýli, lóðir og jarðarhlutar sem skipt hefur verið úr hinum afhentu jörðum ganga ekki til Þjóðkirkjunnar né andvirði fyrir sölu þeirra nema þess sé sérstaklega getið í samkomulagi þessu, sbr. III. Kafla.

Önnur prestssetur, ásamt því sem þeim fylgdi og aðrar eignir og skuldbindingar ríkisins vegna prestssetra, teljast með kirkjueignum, sem afhentar voru með kirkjujarðasamkomulaginu frá 10.1.1997. Jörðin Þingvellir er þar meðtalin og skal hún vera eign íslenska ríkisins. Kirkjan þar er eign íslenska ríkisins, sem sér um búnað hennar og viðhald, ásamt því að veita aðstöðu fyrir sóknarprest í tengslum við kirkjuathafnir.

7. gr.

Prestssetursjarðir, sem afhentar eru, miða við landamerki jarða eins og þau eru talin vera í dag og er Þjóðkirkjunni kunnugt um að niðurstöður Óbyggðanefndar og/eða dómstóla skv. lögum nr. 58/1998, um þjóðlendur og ákvörðun eignarlanda, þjóðlenda og afrétta, kunna að breyta þeim landamerkjum.

Séu á umræddum jörðum byggingar eða aðrar eignir sem ekki hafa verið í eigu eða umsjá Prestssetrasjóðs fyrir samkomulag þetta, s.s. skólabyggingar, íbúðarhús eða önnur mannvirki, skal Þjóðkirkjan útmæla slíkum mannvirkjum hæfilega lóð og gera lóðarsamning við eiganda eða umsjónaraðila mannvirkisins.

Þjóðkirkjan tekur við eignunum að öðru leyti í því ástandi, sem þær eru í, við undirritun samkomulags þessa og sættir sig við að fullu.

8. gr.

Nú rís ágreiningur um efni eða túlkun samkomulagsins milli aðila þess, t.d. varðandi eignir, landamerki, hlunnindi eða ítök einstakra prestssetursjarða, og skal þá þriggja manna gerðardómur útkljá slík deilumál, enda verði gerðardómsmál höfðað fyrir árslok 2010.

Gerðardómurinn skal skipaður einum fulltrúa tilnefndum af fjármálaráðuneytinu, einum tilnefndum af Þjóðkirkjunni og einum skipuðum af Héraðsdómi Reykjavíkur.

Um gerðardóm þennan og um skiptingu málskostnaðar fyrir honum fer að öðru leyti samkvæmt lögum nr. 53/1989, um sammingsbundna gerðardóma.

Sé ágreiningur þess eðlis að hann varði eignir, hlunnindi, ábúð, ítök, landamerki o.fl. sem snúi að öðrum en ríkisaðilum, eða gerðardómsmál skv. 1. mgr. 8. gr. og mál hefur ekki verið höfðað fyrir árslok 2010, fer um úrlausn þess samkvæmt almennum reglum.

9. gr.

Þjóðkirkjunni er kunnugt um að í einhverjum tilvikum kann að skorta eignarheimildir fyrir eignunum.

Lög um breytingar á lögum nr. 137/1993, um prestssetur, ásamt samkomulagi þessu skulu teljast fullnægjandi eignarheimild til að unnt verði að skrá prestssetrin og fá þeim þinglýst sem eign Þjóðkirkjunnar. Rísi vafi hjá þinglýsingarstjóra um skráningu í eigna- og veðmálabækur, skal dóms- og kirkjumálaráðuneytið útbúa sérstaka yfirlýsingu er skapi eignarheimild Þjóðkirkjunnar að tilteknu prestssetri.

10. gr.

Samkomulag þetta er gert með fyrirvara um samþykki Kirkjuþings svo og um samþykki Alþingis á frumvarpi til laga um breytingar á lögum um prestssetur nr. 137/1993.

II. Kafli

Hér að neðan eru tilgreindar þær eignir, prestssetursjarðir eða prestsbústaðir sem afhentar verða Þjóðkirkjunni til yfirlýsinga frá 1. janúar 2007.

<u>Múlaprófastsdæmi fj.6</u>	<u>Skýringar</u>	<u>Skráð eign</u>
Skeggjastaðir	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Hof	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Valþjófsstaður	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Eiðar	1) Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Seyðisfjörður, Öldugata 2	Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Desjamýri	2) Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
<u>Austfjarðarprófastsdæmi fj. 5</u>		
Neskaupsstaður, Blómsturvellir 35	Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Eskifjörður, Hátún 13	3) Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Kolfreyjustaður	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Heydalir	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Djúpivogur, Steinar	Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Skaftafellsprófastsdæmi fj. 5

Höfn, Hlíðartún 18		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Kálfafellsstaður		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Kirkjubæjarklaustur		Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Ásar I		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Vík í Mýrdal, Ránarbraut 7		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Rangárvallaprófastsdæmi fj. 5

Holt, V-Eyjafjallahreppi	4)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Bergþórshvoll		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Breiðabólstaður	5)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Oddi, Rangárvöllum		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Fellsmúli		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Árnesprófastsdæmi fj. 8

Hruni		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Tröð, Gnúpverjahreppi	6)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Skálholt	7)	Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Mosfell, Grímsnesi		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Eyrarbakki, Túngata 20		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Hveragerði, Brattahlíð 5		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Þorlákshöfn, Háaleiti		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Hraungerði	8)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Kjalarnessprófastsdæmi fj. 5

Grindavík, Ránargata 1		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
------------------------	--	--	-------------

Útskálar, Garði		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Mosfell í Mosfellssveit	9)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Reynivellir í Kjós		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Vestmannaeyjar, Hólagata 42		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Borgarfjarðarprófastsdæmi fj. 6

Saurbær		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Akranes, Laugarbraut 3		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Staðarhóll, Hvanneyri,	10)	Íbúðarhús og lóð verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Reykholt, Borgarfirði	11)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Stafholt		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Borg á Mýrum		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Snæfellsness-og**Dalaprófastsdæmi fj. 5**

Staðarstaður, Staðarsveit	12)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Ólafsvík, Lindarholt 8		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Grundarfjörður, Eyrarvegur 26	13)	Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Stykkishólmur, Lágholt 9	14)	Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Hvoll, Saurbæjarhreppi		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Barðastrandarprófastsdæmi fj.**4**

Reykhólar, Barðaströnd	15)	Íbúðarhús með lóð verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Patreksfjörður, Aðalstræti 57		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Tálknafjörður, Túngata 28		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Bíldudalur, Bakkatún		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Ísafjarðarprófastsdæmi fj. 5

Þingeyri, Aðalstræti 40		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Holt í Önundarfirði		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Suðureyri, Túngata 6		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Ísafjörður, Miðtún 12		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Vatnsfjörður		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Húnavatnsprófastsdæmi fj. 5

Árnes I, Árneshreppi		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Hólmavík, Kópnesbraut 17		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Prestsbakki		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Melstaður	16)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Hvammstangi, Hvammstangabraut 21		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Skagafjarðarprófastsdæmi fj. 6

Sauðárkrókur, Víðihlíð 8		Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Glaumbær		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Mælifell		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Miklibær	17)	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Hólar í Hjaltadal	18)	Lóð verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Siglufjörður, Hvanneyrarbraut 45		Íbúðarhús, lóð og bílgeymsla verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

Eyjafjarðarprófastsdæmi fj. 3

Hrísey, Austurvegur 9		Íbúðarhús og bílgeymsla verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Möðruvellir I, Hörgárdal		Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Syðra-Laugaland		Jörðin verði eign	Ríkissjóður

Þjóðkirkjunnar

Þingeyjarprófastsdæmi fj. 7

Laufás	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Háls í Fnjóskadal	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Skútustaðir	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Grenjaðarstaður	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Skinnastaður	Jörðin verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Raufarhöfn, Tjarnarholt 4	Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður
Þórshöfn, Sunnuvegur 6	Íbúðarhús verði eign Þjóðkirkjunnar	Ríkissjóður

**Skýringar og ákvarðanir tengdar
framangreindum 75 eignum:**

- 1) Réttindi yfir ca. 5 ha. landspildu í samræmi við samning ríkissjóðs við Austur-Hérað, dags. 22.02.2001.
- 2) Jörðin er nú leigð til ábúðar í umsjón Prestssetrasjóðs. Þjóðkirkjan tekur við öllum réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt ábúðarsamningi.
- 3) Prestsetrið á Hólumum í Reyðarfirði var flutt á Eskifjörð og jörðin leigð til ábúðar. Ríkissjóður hefur selt jörðina til Fjarðarbyggðar og er gert ráð fyrir að starfandi prestur í sókninni hafi heimild til nýtingar þeirra hlunninda, sem hann hefur hingað til nýtt, þar til hann lætur af störfum, sem prestur í prestakallinu.
- 4) Ásamt ½ Efsta-Koti, sem er óselt og ekki í umsjón ráðuneytis. ½ Efstakot var selt með afsali 12. 9. 1997.
- 5) Ásamt hluta Aurasels í umsjón Prestssetrasjóðs.
- 6) Skipti urðu á landi og er 50 ha. spilda úr landi Réttarholts í umráðum ábúanda Traða. Gengið verður formlega frá eignarhaldi landspildunnar í samræmi við þá samninga sem gerðir voru.
- 7) Íbúðarhúsið er á lóð í eigu Þjóðkirkjunnar.
- 8) Jörðin er nú leigð til ábúðar í umsjón Prestssetrasjóðs. Þjóðkirkjan tekur við öllum réttindum og skyldum ríkisins samkvæmt ábúðarsamningi.
- 9) Ásamt lóðum sem nú eru leigðar út í umsjón Prestssetrasjóðs.
- 10) Prestssetrið er í landi Hvanneyrar og var flutt þangað um miðja síðustu öld. Gengið verður frá skýrri eignarheimild og afmörkun lóðar prestssetursins.
- 11) Ásamt jörðum, réttindum og skyldum, sbr. samning milli dóms- og kirkjumálaráðuneytis og menntamálaráðuneytis, dags. 7. júlí 1987 og bréf dags. 17. nóv. 2005 frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til Prestssetrasjóðs um leigusamninga og lögggerninga.

- 12) Ágreiningur hefur verið milli Prestssetrasjóðs og eiganda jarðarinnar Traða sem seld var 1998. Þjóðkirkjan sjái um lausn ágreiningsins gagnvart eigendum jarðarinnar.
- 13) Ásamt eyju í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi.
- 14) Ásamt eyjum í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi
- 15) Gengið verður formlega frá afmörkun þeirra réttinda og þeirrar lóðar sem prestssetrið hefur hingað til haft yfir að ráða.
- 16) Ásamt eyju í umsjón Prestssetrasjóðs samkvæmt haldsbréfi.
- 17) Ásamt Borgarhól, sem er óseldur og ekki í umsjón ráðuneytis.
- 18) Gengið verður frá lóðarsamningi kringum íbúðarhús þjóðkirkjunnar.

III. Kafli

Hér eru tilgreindar þær 20 eignir, sem Prestssetrasjóður hefur keypt og verða eign þjóðkirkjunnar:

<u>Múlaprófastsdæmi fj.2</u>	<u>Lýsing eignar</u>	<u>Skýringar</u>	<u>Skráð eign</u>
Hof	Hús á jörð	Hlaða	Prestssetrasjóður
Valþjófsstaður	Hús á jörð	Geymsla og karftöflugeymsla	Prestssetrasjóður
<u>Austfjarðarprófastsdæmi fj. 1</u>			
Heydalir	Hús á jörð	Hesthús-Dúnhús	Prestssetrasjóður
<u>Rangárvallaprófastsdæmi fj. 1</u>			
Oddi, Rangárvöllum	Hús á jörð	Gripahús	Prestssetrasjóður
<u>Kjalarnessprófastsdæmi fj. 3</u>			
Útskálar, Garði	Skagabraut 30	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
Vestmannaeyjar	Hólagata 42, neðri hæð	Íbúð	Prestssetrasjóður
Vestmannaeyjar	Smáragata 6	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður
<u>Borgarfjarðarprófastsdæmi fj. 1</u>			
Reykholt, Borgarfirði	Hús á jörð	Bílskúr	Prestssetrasjóður
<u>Snæfellsness-og Dalaprófastsd. fj. 2</u>			
Hellissandur	Laufás 2	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóður

Búðardalur	Sunnubraut 25	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
<u>Ísafjarðarprófastsdæmi fj. 1</u>			
Bolungarvík	Völusteinsstræti 16	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
<u>Húnavatnsprófastsdæmi fj. 2</u>			
Blönduós	Hlíðarbraut 20	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
Skagaströnd	Hólabraut 30	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
<u>Skagafjarðarprófastsdæmi fj. 3</u>			
Glaumbær	Hús á jörð	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
Miklibær 1)	Hús á jörð	Íbúðarhús	Ríkissjóður
Hofsós	Kirkjugata 13	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
<u>Eyjafjarðarprófastsdæmi fj. 2</u>			
Ólafsfjörður	Hlíðarvegur 42	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
Dalvík	Dalbraut 2	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur
<u>Þingeyjarprófastsdæmi fj. 2</u>			
Laufás	Hús á jörð	Einbýli með bílskúr ásamt geymslu	Prestssetrasjóð ur
Húsavík	Ketilsbraut 20	Einbýli með bílskúr	Prestssetrasjóð ur

1) Íbúðarhús byggt 1995 af Prestssetrasjóði, skráð hjá Fasteignamatí sem eign Ríkissjóðs.

IV. kafli

Samkomulag þetta grundvallast á álitserð kirkjueignanefndar frá 1984 og er viðauki við samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997, sbr. V. kafla laga nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og starfshætti Þjóðkirkjunnar og samning íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar frá 4. september 1998 með fjárskuldbindingum ríkisins á móti afhendingu kirkjueigna allt frá 1907.

Í 5. gr. samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar, frá 10. janúar 1997, um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar, segir að prestssetrin og það sem þeim fylgi séu undanskilin samkomulaginu. Í ákvæðinu kemur fram að fjallað verði síðar um eignarréttarstöðu prestssetranna.

Með undirritun samkomulags þessa hefur þeirri umfjöllun að fullu verið lokið milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar og lýsa sammingsaðilar því yfir að sú eignaaafhending og árleg greiðsla sem á sér stað með samkomulagi þessu sé fullnaðaruppgjör milli íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar vegna allra prestssetra og hvorugur aðili eigi kröfu á hendur hinum vegna þeirra.

Reykjavík,

biskup Íslands

dóms- og kirkjumálaráðherra

fjármálaráðherra